

# Dekurdagar í Dubai og golfferð til Spánar

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir telur að það yrði draumur að fara til Dubai með Heru Björk en Sigfús Sigurðsson langar í golfferð með Svala og Gassa.



16

ALLA SUNNUDAGA

8  
SÍÐUR

RE/MAX  
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. apríl 2008 – 107. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

## Vilja undirbúa ESB-umsókn

Mikill meirihluti vill að ríkisstjórnin hefji undirbúning að því að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Stuðningurinn er mestur meðal kjósenda Samfylkingar og þeirra sem ekki gefa upp stuðning við flokk.

**SKOÐANAKÖNNUN** 67,8 prósent segjast nú vilja að ríkisstjórnin hefji undirbúning aðildarumsóknar að Evrópusambandinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Stuðningurinn er mestur meðal kjósenda Samfylkingar, 87,2 prósent, en minnstur meðal kjósenda Frjálslynda flokksins, 42,9 prósent.


Umsókn í Evrópusambandið hefur ekki verið á dagskrá ríkisstjórnarinnar og á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins á föstudag sagði Geir H. Haarde að innganga í Evrópusambandið væri lakari kostur en að standa utan sambandsins.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar kemur fram að skýrsla

Evrópunefndar verði grundvöllur ákvörðunar um það hvernig hagsmunum Íslendinga verði helst borgið. Þeirri nefnd sé þó ekki ætlað að taka afstöðu til þess hvort Ísland eigi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar kemur fram í stefnuyfirlýsingu að koma eigi á fót samráðsvettvangi stjórnmalaflokka, þar sem fylgjast á með þróun mála í Evrópu og nefndin „leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga“. Sú nefnd fundaði í fyrsta sinn í byrjun þessa mánaðar.

Enginn munur er á afstöðu svaraenda könnunarinnar eftir kyni og mjög lítil munur eftir búsetu. Þannig segjast 69,5 prósent svaraenda á höfuðborgarsvæðinu vilja

**Á RÍKISSTJÓRNIN AÐ HEFJA UNDIRBÚNING AÐ AÐILDARVIÐRÆÐUM VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ?**



SKV. SKOÐANAKÖNNUNIN FRÉTTABLAÐSINS 19. APRÍL 2008

að undirbúningur hefjist, en 65,1 prósent íbúa á landsbyggðinni. Munur eftir búsetu er ekki marktækur.

Í febrúar spurði Fréttablaðið hvort Ísland ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Þá svaraði 55,1 prósent svaraenda spurningunni játandi og hafði stuðningur við Evrópusambandsaðild aldrei mælst meiri í könnunum Fréttablaðsins. Þar sem spurningin sem borin er upp nú er ekki hin sama, eru niðurstöðurnar ekki alveg samanburðarhæfar, en leiða má að því líkur að stuðningur við umsókn í Evrópusambandið fari vaxandi.

Fulltrúar stjórnmalaflokka á þingi segja niðurstöðuna vera í takt við efnahagsmælinguna nú. Formenn stjórnarandstöðunnar segja niðurstöðuna sýna vantrú almennings á efnahagsstjórn ríkisstjórnarinnar. - ss / sjá síðu 4



ÍSLENSK SKÖPUNARGLEÐI

Lokasýning fatahönnunarnema í Listaháskóla Íslands lofar góðu.

18



FYLGIR Í DAG  
VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM HÆGVIÐRI í dag verður austan 5-8 m/s allra syðst, annars hægviðri. Léttskýjað norðan til og austan, annars skýjað með köflum. Hiti 5-12 stig að deginum.

VEÐUR 4



**NÁÐI ÁTTA METRA HÆÐ** það var heldur óvenjulegt farartæki sem Óli Þór Harðarson dró aftan í sæpotu við smábátahöfn Snarfara í gær. Tækið er blanda af svífdreka og gúmmiblöðru, og getur stökkið upp í nokkurra metra hæð. „Þetta er náttúrulega geðveiki,“ segir Óli. Hann segir að Ólafur Haukur Hansen, sem var í sleðanum, hafi mest náð um átta metra hæð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vilhjálmur Egilsson hjá SA: Seðlabankinn viðurkenni villu

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn ofmat verulega skuldastöðu þjóðarbúsins á hagvaxtarskeiðinu 2003 til 2007, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „Opinberar hagtolur hafa gefið til kynna að við værum með nettóskuldir í 120 prósent í mínus af landsframleiðslu í lok þriðja ársfjórðungs í fyrra.“

Þegar Seðlabankinn hafi farið að skoða útreikninga sína hafi komið í ljós að nettóskuldirnar hafi numið 27 prósentum af landsframleiðslu á árabílinu, ekki 120 prósentum eins og hagtolur sýni. Seðlabankinn eigi að viðurkenna að hann hafi birt rangar tölur.

- bj / sjá síðu 14



VILHJÁLMMUR EGILSSON

Kári Sturluson fagnar því að tónleikahaldi sé borgið í miðborg Reykjavíkur:

## Nasa grafið í jörðu niður

**SKIPULAGSMÁL** „Ég er sáttur við niðurstöðuna,“ segir Kári Sturluson tónleikahaldari en samkvæmt deiliskipulagi stendur til að grafa tónlistarsal Nasa í jörðu niður.

Mikil ólga greip um sig meðal tónlistarmanna fyrir tveimur mánuðum þegar spurðist að rífa ætti Nasa við Austurvöll en tónleikahaldarar líta á staðinn sem



NASA Tónlistarmenn fagna hugmyndinni um neðanjarðarstað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

sitt helsta athvarf. Teikningar Björns Ólafssonar arkitekts gera ráð fyrir því að salurinn verði endurbyggður á sama stað nema að hann verði færður í jörðu niður. Tónlistarmenn telja þá hugmynd ásættanlega.

Ekki liggur fyrir hvenær framkvæmdir þessar hefjast. Það verður þó tæpast á þessu ári.

- jbg / sjá síðu 30

Kringlu  
20-50% kast  
AFSLÁTTUR AF  
NÝJUM VÖRUM

Opið 13-18 í dag  
LOKADAGUR!

Kringlan

Tæki færi

Bæklingur fylgir með blaðinu í dag

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is

Verk og vit 2008

Stórsýningin Verk og vit 2008 í Laugardalshöllinni, 17.-20. apríl

Misstu ekki af glæsilegri sýningu um helgina!

www.verkogvit.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Velkomin á opinn dag!

● Fimmtudaginn 24. apríl frá kl. 14 – 17.

FRÍTT Í  
GÖNGIN Á  
LEIÐinni  
HEIM

WWW.BIFRÖST.IS

## Leiðsögn, skemmtun og vöflur

- Allar deildir háskólans kynna námsframboð í grunn- og framhaldsnámi og bjóða umsækjendum og öðrum áhugasömum upp á viðtöl við deildarforseta, námsráðgjafa og kennara.
- Stjórnendur skólans ræða umsóknir og úrvinnslu þeirra við þá sem vilja.
- Kennslufræði háskólans verður kynnt en fámennir verkefnahópar, nálægð við kennara og starfsfólk auk verkefnavinnu í tengslum við atvinnulífið skapa skólanum mikla sérstöðu.
- Íbúðir, herbergi og önnur aðstaða nemendagarða verður til sýnis.

- Nemendur kynna nám og daglegt líf á Bifröst.
- Öll félagsleg aðstaða verður til sýnis, þar á meðal líkamsræktarsalir, heitir pottar, kaffihús og lestraraðstaða.
- Grunnskólinn á Varmalandi og leikskólinn Hraunborg kynna starfsemi sína.
- Á meðan foreldrar skoða svæðið geta börnin farið á hestbak og leikið sér í leiktækjum á háskólatorginu.
- Boðið verður upp á kaffi, kakó, vöflur og ís.
- Allir gestir fá frímiða í Hvalfjarðargöngin til baka.

### FRUMGREINAEILD

- Staðnám
- Fjarnám

### VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

### LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

### FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY





**NÝ VERSLUN Á NÝJUM STAÐ** GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR



Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. **Te & kaffi** opið alla daga.

habitat 

HOLTAGÖRÐUM

**KJÖRKASSINN**



Á Orkuveita Reykjavíkur að selja Reykjavík Energy Invest?

Já	36,5%
Nei	63,5%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**  
Styður þú framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna?

Segðu þína skoðun á [visir.is](http://visir.is)

## Björn Bjarnason dómsmálaráðherra um REI og borgarstjórnarsamstarfið: Áfram haldið á ógæfubraut

**STJÓRN MÁL** Á meðan borgarfulltrúar mynda ekki meirihluta um að sigla Orkuveitu Reykjavíkur út úr villu vegna mála Reykjavík Energy Invest (REI) er haldið áfram á ógæfubraut fyrir sjálfstæðismenn og aðra í borgarstjórn. Þetta skrifar Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á vef sinn.



Eðlilegt er að lítið sé til borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að hafa forystu um að leysa úr vandanum, með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi, skrifar Björn. Sjálfstæðismenn skorti þó afl til að standa einir að málinu, og hafi ekki „borið gæfu til þess

að halda á málinu á nægilega traustvekjandi hátt.“  
„Lausnin er ekki á færi neins eins flokks í borgarstjórn. Á meðan borgarfulltrúar bera ekki gæfu til að mynda neinn meirihluta um að sigla OR úr þessari villu er haldið áfram á ógæfubraut fyrir sjálfstæðismenn og

alla aðra í borgarstjórn,“ skrifar Björn.  
Hann minnr á sín fyrri skrif um að „slík leyndarhyggja sé innbyggð í stjórnarhætti Orkuveitu Reykjavíkur, að borin von sé að óbreyttu, að tekið sé á málefnum fyrirtækisins eða undirfyrirtækja þess á þann veg, að sæmi fyrirtæki í opinberri eign.“  
Björn segir vandann allra flokka í borgarstjórn. Fyrirverandi meirihluti fjögurra flokka hafi skotið sér undan málinu með „þagnarbindindi“ á meðan málið hafi verið til skoðunar. Skoðunin hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu.

## Fréttamaður CNN handtekinn: Með fíkniefni í Central Park

**NEWYORK, AP** Fréttamaðurinn Richard Quest, sem fjallar á hressilegan hátt um viðskiptaferðalög á sjónvarpsstöðinni CNN, var handtekinn í Central Park í New York með fíkniefni í fórum sínum.  
Hann hefur samþykkt að fara í vímuefnaóferð og sleppur því við fangelsisvist. Quest, sem er 46 ára Breti, var handtekinn um miðja nótt með lítið magn methamfetamins sem talið er að hann hafi sjálfur ætlað að neyta. Hann var einnig ákærður fyrir að ganga um í Central Park að kvöldi dags en þá er garðurinn lokaður.

**FÉLAG RAFEINDAVIRKJA**  
STOFNAD 1968



### Aðalfundur Félags rafeindavirkja

Aðalfundur Félags rafeindavirkja verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2008 kl. 17:30 að Stórhöfða 31, gengið inn að neðanverðu.


**Dagskrá:**  
Kynning á nýjum reglum um fjarskiptalagnir í íbúðahúsum sem Staðlaráð Íslands ætlar að gefa út næsta haust.  
Kynnir er Örygur Jónatansson rafeindavirkjameistari. Venjuleg aðalfundarstörf.  
Kosning fulltrúa á ársfund lifeyrissjóðsins Stafa.  
Atkvæðagreiðsla um sameiningu Félags símsmiða og Félags rafeindavirkja.  
Önnur mál.

Kveðja Stjórnin

## Styttist í úrslitaátök

Bandaríska sjónvarpsstöðin ABC sætir gagnrýni fyrir að ráðast gegn Barack Obama í kappæðum hans við Hillary Clinton sem fram fóru í liðinni viku. Kjósendur telja hann þó eiga meiri möguleika en Clinton gegn John McCain.

**Kapphlaupið að ná hámarki**



Prófkjörum til forsetaframboðs bandarísku stjórnmálaflokkanna lýkur ekki fyrr en 3. júní. Enn eru tíu prófkjör eftir. Hillary Clinton þarf að vinna afgerandi sigur í næsta prófkjöri, sem verður í Pennsylvania í næstu viku, til þess að sannfæra óbundna kjörmenn. Þeir ráða á endanum úrslitum á flokksþingi Demókrataflokksins í lok ágúst um hvort hún eigi enn möguleika gegn Barack Obama.

1	Pennsylvania, 22. apríl
2	Gvam, 3. maí
3	Indiana, 6. maí
4	Norður-Karólína, 6. maí
5	Vestur-Virginía, 13. maí
6	Kentucky, 20. maí
7	Oregon, 20. maí
8	Þúertó Ríki, 1. júní
9	Montana, 3. júní
10	Suður-Dakota, 3. júní

Fjöldi öruggra atkvæða\*  
**Barack Obama** 1.643  
**Hillary Clinton** 1.504

Fjöldi atkvæða sem þarf til sigurs: **2.025**

\*Samkvæmt talningu fréttastofunnar AP Myndir: AP © GRAPHIC NEWS

**BANDARÍKIN, AP** „Ég held að við höfum sett nýtt met vegna þess að það tók okkur 45 mínútur áður en við byrjuðum að ræða um þau mál sem skipta almenning máli,“ sagði Barack Obama, sem hefur gagnrýnt ABC-sjónvarpsstöðina fyrir ómálefnalegar spurningar í kappæðum hans við Hillary Clinton á miðvikudagskvöld.  
Stjórnendur kappæðnanna beindu athyglinni að nokkrum mismælum og mistökum, sem þeim Obama og Clinton, en þó einkum Obama, hefur orðið á í kosningabaráttunni upp á síðkastið.  
Þau áttu bæði fullt í fangi með að svara fyrir sig, og Obama kvartaði undan því að athyglinni væri beint að aukaatriðum, og skaut í leiðinni á Clinton fyrir að notfæra sér þetta pólitíska andrúmsloft til að „snúa hnífnum aðeins í sárinu.“  
Stjórnendur kappæðnanna svara hins vegar fullum hálsi og segja ekkert rangt við spurningarnar.  
„Spurningarnar voru erfiðar, sanngjarnar, viðeigandi og mikilvægar,“ sagði George Stephanopolous, einn stjórnendanna. „Við vildum fyrst beina athyglinni að þeim málum sem athyglin hefur ekki beinst að í síðustu kappæðum.“  
Skoðanakannanir staðfesta að Repúblíkaninn John McCain eykur fylgi sitt meðan þau Clinton og Obama skjóta skotum hvort á annað. Samkvæmt nýrri könnun bandarísku fréttastofunnar Associated Press þykir Obama þó eiga meiri möguleika en Clinton í forsetakosningum gegn McCain.  
Þetta kemur sér sérstaklega illa fyrir Clinton, því til að saxa á það forskot sem Obama hefur í



komur, betri möguleika en Obama um að vinna sigur á McCain.  
Ofurfulltrúarnir svonefndu eru þingmenn og aðrir helstu leiðtogar flokksins, sem ganga óbundnir til atkvæða á flokksþinginu í lok ágúst, þegar endanlega verður tekin afstaða til þess hvort Obama eða Clinton verður forsetaefni flokksins í nóvemberkosningunum.  
Síðasta stóra prófkjörið verður haldið í Pennsylvania næstkomandi þriðjudag. Nú er svo komið að Clinton þarf að vinna harla stóran sigur þar til að geta réttlætt fyrir flokksfélögum sínum framhald kosningabaráttu sinnar.

**Eldri borgarar 60+**

**Byrjendur**  
30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsja þolinmóðra kennara.



Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færna að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.

Kennsla hefst 28. apríl og lýkur 21. maí  
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 - 16  
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalinn.

**Framhald I**  
30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.  
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word.  
Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 29. apríl og lýkur 22. maí.  
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 - 16  
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalinn.


**TÖLVUSKÓLINN ÞEKING**  
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SIMI: 544 2210

## Formaður Framsóknar um löggæslumál á Suðurnesjum: Segir deiluna persónulega

**STJÓRN MÁL** Opinn borgarafundur í Reykjanesbæ skorar á forsætisráðherra að leysa deilur um lögreglustjóraembættið á Suðurnesjum.  
Þingmenn Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi stóðu fyrir fundinum. Í ályktun fundarins segir að „ekki sé skynsamlegt að hrapa að breytingum og uppstokkun á embættinu því sameinað lögreglu- og tollstjóraembætti hefur náð miklum árangri.“  
Guðni Ágústsson segir augljóst að málið sé komið í hnút og á hann þurfi að höggva. Málið sé nú komið í þá stöðu að dómsmálaráðherra sé opinberlega farinn að deila á embættið, sem ekki gangi upp.  
Guðni segir miklar tilfinningar vera í málinu og farið sé að reyna mjög á starfsfólkið. Hann segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra kominn á villi götur og ekki ráða við að koma málinu í gegnum þingið. „Það botnar enginn í því um hvað deilan snýst. Embættið hefur sýnt hvað í því býr eftir sameininguna. Ríkisendurskoðandi hefur staðfest í sínum úttektum að það vantar þó inn í embættið. Fulltrúar embættisins segja það vera um 200



milljónir. Væri því skipt upp liggur fyrir að ríkið þyrfti að blæða 400 til 500 milljónum í embættin þrjú.  
Þetta er farið að verða eins og klöppin óbilgjarna og komin mikil þreyta og angst í starfsfólkið. Forsætisráðherra verður að leysa málið.“



Frá kr. **23.250**\*

+ Bókaðu flug á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Toronto er heimsborg. Þannig að þú skalt pakka eins og þú sért að fara til New York.

Icelandair byrjar áætlunarflug til Toronto 2. maí og mun fljúga þangað 5 sinnum í viku í sumar. Þá bætist enn ein heimsborgin í hóp áfangastaða Icelandair. Viðskiptavinir Icelandair geta því valið um 24 áfangastaði austan hafs og vestan.

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Safnaðu Vildarpunktum



Punktarnir upp í



Ferðaávisun gildir



[WWW.ICELANDAIR.IS](http://WWW.ICELANDAIR.IS)

\*Flug aðra leiðina með sköttum.



1 Hver sigraði í þættinum Bandið hans Bubba?

2 Hvað kallast endurvinnslutaskan sem aðstandendur Fréttablaðsins hafa látið framleiða?

3 Hver er framkvæmdastjóri Útflutningskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN)?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

## Óhæfuverkum síbrotamanna fækkar og nýjum lögreglumönnum fjölgar: Metfjöldi lögreglumanna útskrifast

**ÚTSKRIFT** Útskrifaðir voru 45 lögreglumenn við hátíðlega athöfn í Bústaðakirkju á föstudag. „Þetta er óvenjustór hópur,“ segir Arnar Guðmundsson, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, og bætir við að í desember sé áætlað að 33 lögreglumenn útskrifist til viðbótar og hafa þá aldrei útskrifast jafnmargir á einu ári.

„Það hefur aldrei útskrifast annar eins hópur en við erum að bregðast við skorti sem rætt hefur verið um frá því um 2006. Dómsmálaráðherra beitti sér þá fyrir fjölgun lögreglumanna og þetta er afraksturinn af því,“ segir Arnar stoltur af hópunum. Hann segist

búast við því að allir í hópunum eigi eftir að geta fengið störf innan skamms. Venjan sé sú að þeir sem á annað borð fari í Lögregluskólans verði lögreglumenn.

Við athöfnina flutti Björn Bjarnason dómsmálaráðherra ávarp þar sem hann sagði meðal annars: „Undanfarið hefur verið lögð áhersla á að nútímavæða fjar-skiptabúnað lögreglu samhliða endurnýjun á farartækjum. Afl og hreyfanleiki hvers einstaks lögreglumanns hefur stóruaukist. Skjót og rétt viðbrögð við afbrotum, handtaka, ákæra og fangelsun í krafti dóms skapar fælingarmáttinn. Verulegur árangur hefur náðst



**VERÐIR LAGANNA** Viðbrögð við skorti á lögreglumönnum skila sér í fongulegum hópi ungra lögreglumanna í Bústaðakirkju.

MYND/ARNI SIGMUNDSSON

í þessum efnum og fréttum af óhæfuverkum síbrotamanna hefur fækkað. Við blasa fullsetin fangelsi og lengri biðlistar þar.“ - kdk

Slakur árangur í kosningum:

## Kommúnistar hætta í stjórn

**NEPAL, AP** Einn af sjö kommúnistaflokkum í Nepal hefur sagt sig úr þriggja flokka bráðabirgðastjórn landsins vegna lélegs árangurs flokksins í kosningum sem fram fóru fyrir í mánuðinum.

Kommúnistaflokkur marxista og lenínista hefur aðeins fengið rúmlega 30 þingsæti þegar talningu er lokið í 218 einmenningskjördæmum, en annar kommúnistaflokkur, nefnilega maóistar, hefur á hinn bóginn fengið 116 þingsæti.

Maóistar, sem árum saman hafa stundað blóðuga uppreisn, eiga góða möguleika á að fá hreinan meirihluta á stjórnlagabinginu. - gb

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Ölvaður farþegi handtekinn

Lögregla handtók ölvaðan og æstan farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á föstudag. Maðurinn veittist að öryggisverði. Hann var látinn sofa úr sér í fangaklefa og síðan yfirheyrður.

#### Sleginn í andlit með flösku

Maður var sleginn í andlit með flösku á skemmtistað í Reykjanesbæ á föstudagskvöld. Hann skarst nokkuð í andlit og var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Maður grunaður um árásina var handtekinn.

Ellefu karlar og ein kona með legiónellusýkingu:

## Tólf smituðust í fyrra

**HEILBRIGÐISMÁL** Ellefu karlar og ein kona greindust með legiónellusýkingu, sem veldur hermannaaveiki, á síðastliðnu ári samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala. Í nýjasta hefti Farsóttáfréttu kemur fram að fjöldi smitaðra þyki mikill miðað við síðustu ár.

Uppruni smitsins var af mismunandi toga að því er talið er. Fjórir

eru taldir hafa smitast hér á landi, tveir á Spáni, einn í Bandaríkjunum, Hollandi, Svíþjóð og Eistlandi.

Hermannaaveiki er alvarlegur sjúkdómur og getur leitt til dauða. Bakterían þrífst vel í raka og oft er hægt að rekja smit, einkum þegar hópsýkingar verða, til loftkælinga og úðamyndandi búnaðar í umhverfi fólks.

- kdk

# Vilja aukin fjárframlög

Fulltrúar Samfylkingar og stjórnarandstöðunnar

í menntamálanefnd vilja auka fjárframlög til HÍ.

Fulltrúi Framsóknarflokks segir Samfylkingu hafa opnað glufu fyrir skólagjöld, þvert gegn stefnu sinni.

**MENNTUN** Nauðsynlegt er að auka fjárframlög ríkisins til opinberra háskóla til að jafna samkeppnisstöðu þeirra gagnvart einkareknum háskólum sem geta fjármagnað reksturinn meðal annars með skólagjöldum.

Þetta kom fram í máli Katrínar Júlíusdóttur, þingmanns Samfylkingar sem á einnig sæti í menntamálanefnd, á málþingi sem stúdentar efndu til vegna frumvarps um opinbera háskóla. Undir þetta tóku einnig Katrín Jakobsdóttir, Vinstri grænum, og Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokki en þau eiga bæði sæti í menntamálanefnd.

„Háskóli Íslands verður að verða við ákveðnum kröfum og skyldum sem hann hefur gagnvart samfélaginu og þegar hafa verið skilgreindar,“ segir Katrín Júlíusdóttir. „Þar á meðal er sú krafa að halda uppi kennslu í ákveðnum greinum sem samfélagið vill geta boðið upp á. Þessa kröfu hafa hinir skólarnir ekki og þeir geta því betur brugðist við markaðnum ef svo má að orði komast og rekið þannig hagkvæmari þætti. Því tel ég að greiða eigi meira til Háskóla Íslands í samræmi við þessar kröfur sem gerðar eru til hans.“

Höskuldur hefur boðið um utandagskrárumræður á Alþingi um það hvernig megi jafna samkeppnisstöðu háskólanna en hann vill að það verði gert án þess að heimila opinberum háskólum að taka upp skólagjöld.

„Það er hins vegar áhyggjuefni að Samfylkingin, sem leggur blessun sína yfir nýja frumvarpið, hefur opnað glufu fyrir því að tekin verði upp skólagjöld og ganga þar gegn stefnu sinni,“ segir Höskuldur í samtali við Fréttablaðið. „Þar vísa ég til þess að í frumvarpinu er það gert lögbundið að háskólaráð komi



**FORMAÐUR MENNTAMÁLANEFNDAR** „Það er ekki jafnræði í því að borga meira með nemanda sem fer í Háskóla Íslands en nemanda sem fer í einkarekinn háskóla,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson þingmaður sem talaði einn fyrir skólagjöldum í opinberum skólum á málþingi í HÍ á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

tillögum til ráðherra um það hversu hátt það telur að skráningargjald eigi að vera. Einnig er gert ráð fyrir því að í háskólaráði verði innanbúðarfólk háskólans í minnihluta. Og hvað er það annað en skólagjöld ef þessi meirihluti ákveður að hækka skráningargjaldið sem síðan er ekki lánshæft frá Lánasjóði íslenskra námsmanna og er að því leyti verra en skólagjöld.“

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, sagðist ekki hliðhollur því að borgað yrði meira með nemanda sem færi í ríkisrekinn háskóla en þess sem fer í einkarekinn háskóla. „Er það í anda þess jafnræðis sem Háskólanum er svo ant um?“ spurði hann á málþinginu.

jse@frettabladid.is

# TÆMUM BÚÐIRNAR

## ALLT Á AÐ KLÁRARAST

# 40-70%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

GILDIR Í VERSLUNUM OKKAR

Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



## Innri friður - Innri styrkur

Helgarnámskeið í Fljótshlíð 16 - 18 maí, 2008

Námskeið fyrir nútímakonur á öllum aldri

www.liljan.is • Sími 8636669







ASKJA



Mercedes-Benz



C-Class

**6x Mercedes-Benz C200**  
Kompressor

+ 5,6 milljónir í skottið  
á tvöfaldan miða!

# 7688 í peningum á árinu! skattfrjálssar milljónir

**6x Harley Davidson Fat Boy**

+ 3,2 milljónir í bakpokanri  
á tvöfaldan miða!



**Nýtt happdrættisár - enn glæsilegri vinningar  
Miðasalan er hafin**

Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.  
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.  
Kaupu miða á [www.das.is](http://www.das.is)

HAPPDRETTI



Vinningur í hverri viku



# Að hengja bakara fyrir smið

## UMRÆÐAN

Jón Bjarnason skrifar um framkvæmd fjárlaga



JÓN BJARNASON

Skýrsla ríkisendurskoðanda um framkvæmd fjárlaga fyrir árið 2007 er mjög til umfjöllunar í fjölmiðlum. Látið er að því liggja að forstöðumenn margra ríkisstofnana séu vanhæfir stjórnendur og lögbrjótar. Forstöðumennirnir geta hins vegar ekki svarað fyrir sig án þess að eiga á hættu að vera rekni eins og dæmin sanna.

Gagnrýnislausar árásir sem hafa dunið á forstöðumönnum ríkisstofnana síðustu daga eru mjög ómaklegar og verða meðvitað eða ómeðvitað til að svarta þjónustu opinberra stofnana. Sérstaklega er dapurt að heyra ráðherra vegna eigin vanrækslu vega að heiðri forstöðumanna sinna.

## Forstöðumenn leggja sig alla fram

Mér finnst fjölmiðlar taka setningar upp úr skýrslu ríkisendurskoðanda býsna hráar og lítið er kafað ofan í málin, hvað þá forsöguna. Það er að vísu rétt að ríkisendurskoðandi fer silkihönskum um einkafjárlög ráðherranna miðað við stóru orðin sem notuð eru á forstöðumenn stofnana.

Það bara hentar svo vel að hengja bakara fyrir smið. Að skamma Albanú en meina Kína eins og sagt var fyrir einhverjum árum.

Þeir forstöðumenn sem ég þekki til leggja sig hins vegar alla fram í að sinna þeim skyldum sem á þá eru lagðar en fá oft aðeins vanþakklæti yfirboðara sinna.

## Sjúkrahús, skólar og löggæsla undir hnifinn

Hvaða stofnanir er nú hér fyrst og fremst um að ræða sem fara fram úr fjárheimildum? Jú, það eru framhaldsskólar og háskólar, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir og almenn löggæsla í landinu.

Sveitarstjórnir og forstöðumenn hafa ítrekað bent á það við nefndir þingsins að þessar stofnanir geti ekki sinnt lögboðnum verkefnum sínum fyrir þær fjárveitingar sem veitt er. Enginn vill samt segja þeim hvað af lögboðinni þjónustu eigi að skera niður.

Á þetta bentum við þingmenn Vinstri grænna við umræðu um fjárlög og lögðum til að rekstrargrunnur þessara stofnana væri leiðréttur og viðurkennd raunveruleg fjárþörf þeirra. Það kemur því ekkert á óvart í þessum efnum.

Hins vegar er inni á reikningum ráðuneytanna oft nægilegt fé og meira en það til að mæta þessari fjárþörf. En sú fjársýsla ráðu-

neytanna er kapituli út af fyrir sig.

## Að svelta til einkavæðingar

Hér er á ferðinni sveltistefna ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks gagnvart áður nefndum málaflokkum og stofnunum. Markmiðið virðist vera að svarta þær og þvinga fram niðurskurð á þjónustu.

Alþjóð verður nú vitni að sérstöku átaki stjórnvalda í að berja á heilbrigðisþjónustunni. Neyðarástand er að skapast á heilsgæslu höfuðborgarsvæðisins, á Landspítalanum og víða hjá minni heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Stjórnvöld halda hins

vegars að sér höndum, starfsfólk segir upp og forstöðumönnum er úthúðað.

## Framhaldsskólarnir þínir með röngu reiknilíkani

Framhaldsskólarnir búa við sk. reiknilíkan sem skiptir því fjármagni á skólana sem ætlað er í þennan málaflokk. Lofað hefur verið endurskoðun og leiðréttingu á þessu reiknilíkani ár eftir ár en engar efndir orðið. Hins vegar er það viðurkennt að fjölmargir kostnaðarliðir eru stórlega vanmetnir.

Svo er ráðist á forstöðumennina, skólastjórnana, og þeim úthúðað fyrir syndir ráðherra og ríkisstjórnar. Forstöðumennirnir geta hins vegar ekki svarað fyrir sig

án þess að hafa verra af og liggja því vel við höggi.

## Ráðherrabundið Alþingi

Ég ætla ekki að mæla því bót að forstöðumenn fari á svig við fjárreiðulög. En gæti það verið að það sé fjármálaumsýsla ráðherranna sem sé ámælisverð og varði við lög? Við búum við ráðherraræði í fjármálum ríkisins og virðist þar ekki verða breyting á þótt Samfylkingin hafi komist í ríkisstjórn.

Ríkisendurskoðandi gerir hins vegar minna úr botnlausum kosningalofordum og fjárskuldbindingum einstakra ráðherra fyrir og eftir kosningar án heimildar Alþingis.

Má þar nefna sem dæmi her-

æfingar Nato á Íslandi sl. sumar og milljarða skuldbindingar vegna hermála án heimildar Alþingis.

Ég hef ítrekað lagt fram á Alþingi tillögur um gjörbreytt vinnubrögð við fjárlagagerðina þar sem Alþingi í raun ráði ferð, en þær tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Sjálfstökuráttur ráðherranna stýrir áfram för.

Við búum við ráðherraræði en ekki þingræði hvað fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga varðar. Það er því mjög ódýrt að ráðast að forstöðumönnum einstakra stofnana þegar í raun er fyrir fram vitlaust gefið.

Höfundur er þingmaður og fulltrúi VG í fjárlaganefnd.



## VIÐ ÍPRÓTTA- OG KENNSLUFRÆÐIDEILD ER AFREKSFÓLK Á ÝMSUM SVIÐUM

Í hópi kennara og nemenda kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík eru einstaklingar sem hafa náð miklum árangri á sínu sviði. Willum Þór Þórsson hefur orðið Íslandsmeistari sem knattspyrnuþjálfari með KR og Val og Þórdís Gísladóttir, sviðsstjóri íþróttufræðisviðs, er margfaldir verðlaunahafi í frjálsíþróttum. Margrét Lára Viðarsdóttir, íþróttamaður ársins árið 2007, er nemandi í íþróttufræði við deildina.

Prófessorar okkar hafa náð miklum árangri hver á sínu sviði. Dr. Guðjón Magnússon var framkvæmdastjóri Evrópuskrifstofu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), dr. Geir Gunnlaugsson hefur unnið gott starf í þróunaraðstoð í Afríku og dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir hefur skapað sér góðan orðstír fyrir stjórn rannsóknar- og forvarnarverkefna víða um Evrópu. Dr. John Allegante, Fulbright-prófessor og prófessor við Columbia-háskóla, er einn fremsti fræðimaður Bandaríkjanna á sviði lýðheilsufræða. Í Háskólanum í Reykjavík viljum við ná langt og laða að okkur fólk með sama metnað – bæði kennara og nemendur.

Framtíðin er HR.

Tökum við umsóknum núna

Kynntu þér námið á [www.hr.is](http://www.hr.is)

Íþróttufræði (BSc)

Lýðheilsufræði (MPH & MPH Ex)

Kennslufræði (Diplóma)

Stærðfræði (Diplóma)

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á [visir.is](http://visir.is). Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





# Við ætlum að fjölga fólki



## Álver Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er einn öflugasti vinnustaður heims á sínu sviði

Í fjölbreyttum hópi starfsmanna eru konur og karlar á öllum aldri sem njóta góðra launa, starfsþjálfunar og ýmissa fríðinda.

Núna viljum við bæta í þennan blómlega hóp og ætlum að fjölga starfsmönnum á næstunni. Kynntu þér traust og spennandi atvinnutækifæri.

### Framtíðarstörf í framleiðslu

Við ætlum að ráða fleiri starfsmenn á vaktir í framleiðslu. Fjarðaál framleiðir verðmætar afurðir úr áli og álblöndum, þar á meðal álvíra í háspennustrengi. Ekki er gerð krafa um ákveðna menntun eða reynslu umsækjenda. Í fjölbreyttum hópi framleiðslustarfs-

mannna eru konur og karlar á öllum aldri. Mikið er lagt upp úr þjálfun og starfsþróun. Launin eru góð og Fjarðaál veitir starfsmönnum margvíslega þjónustu, svo sem heilsuvernd, frítt fæði og akstur til og frá vinnu.



**AUSTURLAND  
TÆKIFÆRANNA**

Kynntu þér kosti þess að búa og starfa á Austurlandi: [www.austurat.is](http://www.austurat.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin [sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) / [tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is) eða skráðu umsókn þína á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) og haft verður samband við þig.



S Ý N I N G A R H E L G I


# OPIÐ ELDHÚS

Laugardaginn 19. apríl – Frá kl. 11–16  
og sunnudaginn 20. apríl – Frá kl. 13–17

## AEG

FULLKOMIN  
LÖGUN & LEIKNI

TILBOÐSPAKKAR  
Helluborð + Ofn + Háfur  
**20% afsláttur**



EMILE HENRY FLAME  
**20% afsláttur**



*... þú færð það aðeins betra hjá*

**Velkomin í OPIÐ ELDHÚS um helgina!**  
**Upplifið DRAUMAELDHÚSIÐ – frá HTH!**  
**Kynnist því heitasta í eldhústækjum – frá AEG!**

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 / FURUVÖLLUM 5 · AKUREYRI · SÍMI 461 5000

# Í sumarfríð með...

Öll höfum við látið okkur dreyma um hið fullkomna og ótrúlega gefandi sumarfrí. Ekki sakar þá að vera í fylgd með einhverjum þjóðþekktum, jafnvel heimsþekktum og láta hann fræða sig um land og þjóð milli þess sem bragðlaukarnir eru kitlaðir með framandi réttum. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** veiddi upp úr nokkrum Íslendingum hver draumaferðafélaginn væri og hvernig ferðaskipulagið yrði.

## VALGERÐUR MATTHÍASDÓTTIR



Ég myndi vilja fara í sumarfrí með...

„...Agli Eðvarðssyni, kvikmyndagerðarmanni og sjónvarpssnillingi, til Afríku. Þar myndum við hitta fyrir Bono og George Clooney og taka við þá viðtal um hjálparstarf þeirra. Egill myndi að sjálfsgöðu sjá um tölur og hjálpa mér að halda sönum í erfiðum aðstæðum en með tilkomu nýrra fjölmiðla er orðið svo auðvelt að miðla þekkingu og láta gott af sér leiða. Ég ber sjálf mikla virðingu fyrir þeim sem láta sig varða velferð þeirra sem mest þurfa á aðstoð að halda og viðtal við Bono og Clooney myndi vekja bæði athygli og fólk til umhugsunar og jafnvel ýta við einhverjum til að leggja sitt af mörkum.

Ég held að hver máltíð á þessum slóðum fengi alveg nýja merkingu og ég væri því tilbúin í hvaða mat sem er. Þetta yrði örugglega erfið ferð en vel þess virði að fara hana og út úr þessu kæmi flottur heimildarþáttur og þess vegna yrði þetta gott sumarfrí.



## ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON

„...Árna Bergmann og fá hann til að lóða mig um Rússland. Ástæðan er sú að Rússland er eitt af þeim löndum sem ég þyrfti að kynna en ég er bæði of latur og of upptekinn til að kynna mér framandi slóðir. Ég myndi þiggja af honum fyrirlestra um ævi Checkhovs annars vegar og um rússnesku byltinguna hins vegar og ferðalagið myndi helgast af söguslóðum hvors tveggja. Kannski tækjum við Guðmund Ólafsson með til að fræða mig um ólígarkana og kapítalismann í Rússlandi nútímans því ég held að hann sé fróður um þau mál. Og kannski mætti Þráinn Bertelsson koma með af sömu ástæðum. Ég myndi samsagt fá Rússland í einum pakka frá keisarátímanum og til dagsins í dag. Hins vegar yrði kvenmannsleysið yfirþyrmandi, sérstaklega ef þetta yrðu þrjár karlar sem á endanum færu með mér. Svo af þeim ástæðum yrði gott að koma heim.

Mér skilst að það sé til réttur sem heitir rússnesk pönnukaka en ég hef aldrei áttað mig á því hvað er í henni. Fyrir forvitnissakir myndi ég vilja borða hana. Síðan myndi ég að sjálfsgöðu bragða aðra þjóðlega rétti en ég er ekki mikið fyrir vodka svo ég yrði að þiggja eitthvað annað áfengi.“



Ég myndi vilja fara í sumarfrí með...



Ég myndi vilja fara í sumarfrí með...

## SIGFÚS SIGURÐSSON

„...Svala og Gassa á FM 957. Fyrir það fyrsta eru þetta náttúrulega alveg þrælskemmtilegir strákar og við eigum eitt sameiginlegt áhugamál: golf. Svali og Gassi eru opnir og hressir og ófeimnir við að vera þeir sjálfir en mér finnst fræga fólkíð á Íslandi alltaf vera í einhverjum leik. Þeir félagar eru hins vegar þeir sjálfir og eru ekkert að fara í felur með sína kosti og galla.

Við myndum þó leita út fyrir landsteinana og jafnvel halda til Suður-Spánar á einhverja af þeim fjölmörgu golf-rivierum sem þar eru. Þrátt fyrir að golfið sé kannski eilítið kostnaðarsamara þar þá er svo ódyrt að lifa á Spáni þannig að það kæmi út á eitt. Þeir eru reyndar aðeins betri en ég í golfi en ég ætla að gefa mér góðan tíma í sumar til að ná réttu tókunum á sveiflunni.

Uppistaðan í matnum yrði svo náttúrulega steikur að hætti hússins. Gassi er mikill matmaður og við myndum ekki svelta, svo mikið er víst. Tapasið fengi einnig að fljóta með og svo eru Spánverjar eins og Frakkar og Ítalir, mikið fyrir osta. Það myndi að minnsta kosti enginn svelta í ferðinni okkar.“



## GÍSLI EINARSSON

„...Snorra Sturlusyni og þræða slóðir Egilssögu. Einfaldlega vegna þess að ég held að það væri tvímælalaust toppurinn á menningartengdri ferðþjónustu. Ég myndi nota tækifærið, þótt við værum í fríu, og taka viðtal við hann um hans sagnaritun og lífið í uppsveitum Borgarfjarðar á þrettánda öld.

Ferðalagið hæfist á Borg og við færum ríðandi á gráum hestum vítt og breytt um Mýrar og upp í Borgarfjörð, færum að sjálfsgöðu í sund í Snorralaug og kíktum í kaffi á nokkrum bæjum. Á sjötta degi héldum við síðan af landi brott. Við myndum fara á vikingaskútu sem þeir eru að hefja framleiðslu á í Stykkishólmi. Sennilega legðum við úr höfn í Búardal þannig að við gætum komið við á fæðingarstað Snorra, þ.e. Hvammi í Dölum,



síðan myndum við sigla til Noregs og þræða norsku firðina, bæði til að rifja upp einstaka atburði úr Egilssögu og eins Heims-kringlu. Ef við fengjum langt sumarfrí myndum við sigla í bakaleiðinni til Írlands, Englands og Orkneyja enda dreifist Egilssaga víða. Afþreying í ferðinni yrði fyrst og fremst létt spjall um söguna en að sjálfsgöðu myndum við fara á nokkur söfn og jafnvel fara í leikhús.

Ég hef það fyrir venju hvar sem ég kem að leita uppi mat sem er tengdur viðkomandi landi eða svæði. Þess vegna reikna ég með að við myndum fá okkur Får í kál í Noregi, lefsur, pultost og fleira góðgæti, á Írlandi fengjum við okkur írsku kássu meðal annars og fleira í þeim dúr. Á Mýrunum myndi ég hins vegar bjóða honum í grillað lambafilé að minum hætti.“



Ég myndi vilja fara í sumarfrí með...

## KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„...Njálí, Bergþóru og sonum þeirra auk annars heimilisfólks. Ég held að ég geti ábyrgst að það yrði mjög viðburðaríkt frí enda ég er lítið fyrir það gefin að liggja í leti í fríum. Við Njálí og Bergþóra myndum að eyða sumardögum á Suðurlandi, gista jafnvel bara á Bergþórshvoli en ferðast um Fljótshlíðina og njóta yndislegrar fjallasýnar. Við myndum skoða Suðurland, virða fyrir okkur bleika akra, leggja okkur við arfasátur, fara í útreiðartúra og renna okkur fótskriðu hjá Markafljóti. Samt verst að það skuli ekki vera ísilagt en við getum örugglega notast við línuskauta í staðinn.

Eflaust yrði mikil veisla á hverju kvöld; yrði boðið upp á sunnlenskt grænemti, lambakjött og Þykkvabæjarkartöflur og að sjálfsgöðu íslenskt vatn, kannski yrði þó borinn fram sunnlenskur bjór til hátíðabrigða.



## GUÐBJÖRG ELÍSBET ÓLAFSDÓTTIR

„...Heru Björk til Dúbaí. Hera er ákaflega hress og skemmtileg manneskja og ferðin yrði alveg tryllingslega skemmtileg. Við tvær gætum tekið dúetta fyrir ríka fólkíð og hún myndi hafa húmor fyrir þessu brjálæði sem ríkir í þessu litla ríki.

Og það myndi ekki vefjast fyrir okkur hvað við myndum gera. Við færum á skíði innahúss og svo á sjóskíði utanhúss. Í Dúbaí eru örugglega þrjár eða fjórar hæstu byggingar heims og við myndum reyna að fara í þær allar. Svo er aldrei að vita nema maður myndi lenda á séns með einhverjum olíufurstanum sem keypti handa manni svona tilbúna pálmaeyju og þar myndum við búa hamingjusamar til æviloka.

Miðað við fréttirnar frá Dúbaí má fastlega gera ráð fyrir því að kampavín og ostrur séu uppistaðan í matnum í Dúbaí. Og við myndum ekki láta okkar eftir liggja við að gúffa því í okkur. Auðvitað myndum við fá okkur kaffi með kúbanska morgunvindlinum en kampavín og ostrur verður aðalmálið.“





apríl 2008

**menning**

[ SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

# 12 TÓNAR tíu ára

Tveir menn eru að horfa á Manchester United á bar og í hálf-leik ákveða þeir að kýla á það og láta gamlan draum rætast: Stofna plötubúð



ÁSTRÓS GUNNARSDÓTTIR OG LÁRA STEFÁNSDÓTTIR ■ BIRNA BJARNADÓTTIR ■ ARAM SAROYAN  
■ GYRÐIR ELÍASSON ■ ALEXANDER SOLZENITSYN ■ ÓLAFUR ELÍASSON ■ NEON ■ TINNA GUNN-  
LAUGSDÓTTIR ■ JÓN PÁLL EYJÓLFSSON ■ MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR ■ NORSKA ÞJÓÐARÓPERAN  
■ KONUNGLEGA LEIKHÚSIÐ Í KAUPMANNAHÖFN ■ HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR  
■ DIMITRI EIPIDES ■ SÁLIN HANS JÓNS MÍNS ■ KJARTAN GUÐMUNDSSON ■ MANNAVEIÐAR

## NÚ DREGUR ÚR KOSTUN

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Samdráttur á lánamarkaði hefur þegar valdið afturkipt í kostun fyrirtækja til menningarstarfsemi. Líklega er Listahátíð í vor síðasta stóra fjármögnununarverkefnið sem atvinnulífið, stórfyrirtækin, tók þátt í af fullum styrk. Stórir samningar eru enn virkir á nokkrum sviðum menningarstarfsemi í landinu: Íslenski dansflokkurinn, Listasafn Íslands, Kassi Þjóðleikhússins og einhverjar fleiri stofnanir eru með samninga við stuðningsaðila sína til fárra ára og verða því njótendur styrkja eitthvað áfram. Þegar harðnar á dalnum í efnahagslífi verða styrkir til almannaþjónustu á borð við listastarfsemi fyrstir undir hnífinn.

Á það hefur verið bent að þetta ástand er einmitt helsti gallinn við styrki fyrirtækja til lista, dreifingar og framleiðslu. Erlendis þekkja menn þessa þróun. Á sama tíma og atvinnufyrirtæki af ýmsu tagi eru í góðu árferði reiðubúin að styrkja listalíf og njóta til þess víða skattfríðinda og áhuga stjórnvalda, þá er allri listrænni starfsemi afar hætt við alvarlegum búsigjum, jafnvel harkalegum samdrætti, ef sveiflur verða í efnahagsástandi og stuðningsaðilar draga úr opinberum stuðningi við listir. Þá hafa listastofnanir sett traust sitt á tekjustofn sem skyndilega hverfur og þær standa eftir með stórt gat í rekstri. Listastarfsemi er víðast hvar rekin eftir áætlunum til lengri tíma: sinfóníuhljómsveitir eru að leggja drög að verkefnaskráum sínum allt að fimm árum fram í tímann. Íslenska sinfónían vinnur nú að verkefnaskránni fyrir opunarveturinn 2009/2010 þegar Tónlistarhúsið verður vígt, hljómsveitin fagnar stórafmæli og Listahátíð sömuleiðis. Eðlilega eru menn þar á bæ farnir að hugsa svo langt. Hvernig getur hljómsveitin reitt sig á fyrirtæki eins og FL Group sem á við vaxandi tap að kljást? eru samningar þess við Sinfóníuhljómsveit Íslands ekki feigir? Hver mun kosta kosta tónleikahald hljómsveitarinnar það árið?

Langi hefur skort á skýr ákvæði í skattalögum um meðferð á styrkjum til stofnana og fyrirtækja í listastarfsemi: skattayfirvöld sjá sér ekki hag í að hafa ákvæði þar um gegnsæ. Stór hluti lista- og menningarstarfs hér á landi fer fram með ríkri meðgjöf, ekki bara frá styrktaraðilum, heldur líka höfundum og þátttakendum. Þeirra framlag hefur aldrei fengið eðlilega meðferð skattalega – eigið framlag listamanna nýtur ekki neins skilnings. Á tímum þegar samdráttur veldur afturkipti í styrkjum einkaaðila er skynsamlegt að fjármálaráðuneytið líti til þessara mála og endurskoði stöðu framlags listamanna til samfélagsins.

## Alexander Solzhenitsyn er enn að

Snemma í þessum mánuði gafst blaðamönnum Observer fátítt tækifæri á viðtali við Natalíu Solzhenitsyn, eiginkonu Alexanders Solzhenitsyn, en hann nálgast nú nírætt og er orðinn hrumur en vinnur eftir því sem þrek gefst að því að ljúka frágangi á nýrri heildarútgáfu á verkum sínum sem verður í 30 bindum. Alexander er illa haldinn af beinþynningu og er orðinn fótlama en situr við allar stundir. Hann verður níræður í desember á þessu ári. Sjó bindi eru þegar komin út af ritsafninu sem geymir aðeins hluta af öllum skrifum þessa eljusama höfundar. Fimm eru væntanleg á þessu ári. Þar verða aðeins verk sem eru fullfrágengin, hvorki bréf hans né vinnugögn verða þar birt en skjalasafn hans er gríðarlegt af vöxtum.

Alexander hefur ekki farið út úr húsi í fimm ár. Kona hans segir hann vakinn og sofinn í vinnu við tvo bála, annan er hann að klára sjálfur, en hinn er hún að vinna við. Áhugamál hans eru eins og fyrrum sú mikla saga sem hlaut af fangabúðarekstri stjórnvalda Rússlands en hann sat sjálfur lengi í gúlaginu, frá 1945 til 1950, og eru tvö höfuðverk hans, Dagur í lífi Ivans Denisovich og Gulag-eyjarnar, til í íslenski þýðingu. Þá hefur hann unnið mikið að rannsóknum á örlögum bænda í heimalandi sínu. Hann sendi frá sér harða gagnrýni eftir heimsókn Bush til Úkraínu um síðustu mánaðamót, en þá lagði forsetinn sveig á minnisvarða um fórnarlömb hungursneyðarinnar þar um slóðir 1932-1933 sem rithöfundurinn staðhæfir að hafi verið tilraun til þjóðarmorðs. Móðurfolk hans var frá Úkraínu.

Solzhenitsyn fékk Nóbelsverðlaun 1970 og var rekinn í útlegð 1974. Hann hefur löngum þótt hafa sérstæð viðhorf til þróunar í heimalandi sínu. Var þjóðernissinnaður í skoðunum löngu áður en slíkar skoðanir urðu viðteknar í valdatíð núverandi valdhafa, enda nýtur hann velvildar Pútins. Nýja útgáfan er til marks um vaxandi hylli hans meðal rússneskra valdhafa og segir eiginkona hans að verk hans séu nú loksins lesin af almenningi þar á landi.



Alexander Solzhenitsyn

## GAKKTU Í KLAUSTUR, SYSTIR

Þær koma sín úr hvorri áttinni, önnur úr klassískum dansi, hin úr djassballett. Báðar hafa verið í fylkingarbrjósti dansins, en aldrei hafa þær unnið saman. En nú er komið að því: Ástrós Gunnarsdóttir og Lára Stefánsdóttir leggja saman krafta sína í sýningu sem er helguð hugarfylgnum kvenna, órum þeirra og þrám – líka eftir hreinleika trúarinnar.

## LISTDANS

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Verkið kallast Systur. Texti í verkinu er saminn af Hrafnhildi Hagalín rithöfundu og frumsýning er fyrirhuguð í Iðno 1. maí og verður sýnt allan maímánuð.

„Systur“ er rússíbanaferð um hugaróra og veruleika tveggja kvenna. Komið er inn á ýmis efnisatriði, bæði léttvæg og alvarlegri, svo sem losta, munúð, lími, sektarkennd, hreinleika, trú, von, kærleik, líf, dauða, spennu og umbreytingu.

Í verkinu er einnig notast við kvikmynd sem Ástrós gerði á sínum tíma um það hvernig konur vilja hafa karlmenn.

Þær hafa kallað einvalið sér til aðstoðar: Lýsingu hennar Björn Bergsteinn Guðmundsson, en tónlistarhljóðið sér Guðni Franzson um. Dýrleif Örylgisdóttir gerir búninga.

Vinnuheiti verksins var „Naktar nunnur“. „Í samtali sem við Lára áttum í vor komumst við að því að við höfðum báðar haft mikinn áhuga á klausturlífnaði og nunnum í gegnum tíðina og við ræddum um að í þessari brjáluðu veröld okkar núna þegar allir virðist vera að drukkna í veraldlegri lífsgæðahyggu og gróðabraski væri kannski ekki úr vegi að taka fyrir í verkinu andstæðuna, það er andlega sviðið, og heim fólks sem helgar sig andlegri ihugun og hafnar öllu veraldlegu vafstri. Eiginlega spannst þetta út frá sögu sem mér var sögð síðasliðinn vetur um nunnu sem hafði hætt að vera nunna þegar hún var sjötíu og fimm ára gömul, hún hafði hitt kaþólskan prest á svipuðum aldri sem einnig hætti prestskap og nunnan svaf því hjá í fyrsta sinn sjötíu og fimm ára gömul. Okkur fannst þetta falleg saga en hjónin eru enn lukkulega gift og búa í Bretlandi, nú orðin áttræð. Við ætlum því að fara inn á ókunnar lendur og þreifa fyrir okkur í heimi nunnunnar ef svo má segja ... svo sjáum við hvað það færir okkur,“ segir Ástrós.

„Klausturlífnaður hefur löngum heillað marga listamenn sem hafa oft leitað inn í klaustur í ákveðinn tíma til að geta einbeitt sér og útilokað áreiti. Ég held að þetta leiti kannski ekki síður á konur í dag sem starfa í lista-



KVIKMYND ALDA JONSDÓTTIR

geiranum – oft vill það nú verða svo, þó að við gerum allt til þess að það sé öðruvísi og eigum kannski eiginmenn sem eru mjög duglegir við hússtörf og umönnun barna, þá vill til dæmis barna-aumönnunin oft leita meira yfir á okkar væng. Það kemur því oft upp löngun hjá konum til að fá frið, jafnvel með því að yfirgefa hinn veraldlega heim og svífa inn fyrir einhverja múra sem vernda

þær fyrir truflun. Það eru líka mjög spennandi andstæður sem felast í því að dansari túlki líf kvenna sem hafna líkama sínum ef svo má að orði komast og öllum hans löngunum og þrám. Verkið verður því væntanlega fullt af andstæðum og þversögnum, en mest óttumst við að heillast svo af hugmyndinni um klaustrið að það muni taka okkur alveg yfir og við munum ekki snúa til baka...“

Lára Stefánsdóttir og Ástrós Gunnarsdóttir dansarar vinna saman í fyrsta sinn.

## LJÓÐIÐ

Aram Saroyan

## DRAUMUR

Mig dreymdi að ég kæmist  
að því að dauðinn væri ekkert mál  
í raun ekkert annað  
en einskonar ósýnilegur vefur  
sem maður gengur í gegnum  
inn í síðdegð  
þetta var einsog þegar  
mús veit að einhver hefur opnað augun  
í herberginu um miðja nótt  
og músin hættir öllu þruski  
og það var slíkur léttir að vita þetta  
ég var á göngu

og það var gláðasólskin  
þegar mér varð þetta ljóst  
og það var einsog þungu fargi  
væri létt af hjarta mínu  
mér hlýnaði öllum og ég var  
hamingjusamur og hugrakkur  
einsog allt væri gerlegt  
og heimurinn fullkominn

Gyrdir Eliasson þýddi og er ljóðið í nýju safni ljóðabýðinga hans sem kemur út á sumardaginn fyrsta á forlagi Uppheima.




**Hafnarhús**

Öllum sýningum Hafnarhússins lýkur sunnudaginn 27. apríl  
Listamannspjall Finnboga Péturssonar sun. 20. apríl kl. 15



**Sigurður Guðmundsson — Mállausir kjarnar**  
**Þögn — Finnbogi Pétursson, Finnur Arnar Arnarson,**  
**Haraldur Jónsson og Harpa Árnadóttir**  
**D-8 — Gunnhildur Hauksdóttir**  
**Erró — Ofurhetjur**

# Listasafn Reykjavíkur



Aðgangur  
ókeypis

Free  
admission

**Kjarvalsstaðir**

**Útskriftarsýning Listaháskóla Íslands**

19. apríl – 1. maí

Leiðsögn alla sunnudaga kl. 15

Opnunarfími:

Hafnarhús daglega 10 – 17, fimmtudaga 10 – 22

Kjarvalsstaðir daglega 10 – 17

Ásmundarsafn daglega 13 – 16



**Ásmundarsafn**

**Lögun línunnar**

Sunnudag 27. apríl: Leirlistsmiðja fyrir börn og fullorðna kl. 13 – 16

Leiðsögn í fylgd dóttur listamannsins, Ásdísar Ásmundsdóttur kl. 14

Aðgangur ókeypis

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt

## RIDDARI Á ÍSBREIÐU

Birna Bjarnadóttir skrifar frá Winnipeg

**B**líkur eru á lofti í gömlu Evrópu. Skugginn er byrjaður að læðast aftur yfir Balkanskaga og eldar loga í Danmörku. Deilur Serba og Albana vekja meiri sorg en furðu, líkt og fólk sé reiðubúið að kasta sér aftur í gin eyðileggingarinnar, aðeins örfáum árum eftir að stríði lauk á sama vígvelli. Ef eitthvað er, má segja Dani flækta í jafn ófyrirsjáanlega atburðarás. Það breytir því ekki að meðan eldarnir loga í miðborg Kaupmannahafnar, gefa þeir sér tíma til að fylgjast grannt með niðursveiflu fjármála-markaðar í fyrrum nýlendu sinni, og leggja á ráðin um hvernig þeir geti hagnast á olíu við strendur Grænlands. Raunveruleikinn fer sínu fram.



Stefan Zweig

En hvað er til ráða? Eru orðin kannski til alls fyrst? Ekki er auðvelt að fóta sig á ísbreiðu tungumálsins. Þar eru sprungurnar líka djúpar og kaldar.

Fegurstu orðin fela oft í sér mestu hættunarnar, hvort heldur fyrir einstaklinga eða þjóðir, svo ekki sé minnst á fagurlega ofnar snörur hinna glæstu hugmyndakerfa. Sjálfsvæisaga á borð við Veröld sem var eftir Stefan Zweig dregur í það minnsta ekki úr þeim grun.

Bókin er skrifuð skömmu fyrir lok síðari heimsstyrjaldar og greinir frá gangi mála í Evrópu frá lokum nítjándu aldar þar til Englendingar segja Þýskalandi Hitlers stríð á hendur. Þegar kemur að lýsingu á aðdraganda tveggja heimsstyrjaldar og hvernig Evrópa tekur heljarstökk úr dýrkeyptu Sarajevo-glappaskoti í grímulaust niðurrif mennsku og menningar, á bókinn sér enga líka. Hið sama má segja um lýsingu á Evrópu og þeim sem þar búa áður en óveðursskýin birtast, flestum að óvörum, á sólríkum degi við strönd. Vínarborg kemur einnig talsvert við sögu en þar er Zweig fæddur og uppallinn. Um aldamótin nítján hundruð er Vín sannkölluð heimsborg, hún sem dregur allt til sín og þar sem drýpur af hverju strái. Meðan friður ríkir, ferðast Zweig líka til annarra landa í álfunni og drekkur í sig fáein tungumál, samtímamenningu og sögu.

Lesanda er þó ekki aðeins gefið tækifæri til að skynja veröld sem var í lífi einstaklinga og þjóða. Um er að ræða jafn einstæða heimild um þroska-sögu rithöfundar og viðvarandi glímu hans við allt það sem kann að ógna frelsi hugsunar hans. Gyðingurinn, friðarsinninn, húanistinn, alþjóðasinninn og rithöfundurinn Zweig varar sig á orðum og hugmyndakerfum öðru fremur, og það talsvert löngu áður en nasistar komast til valda. Ólíkt mörgum stórskáldum millstríðsáranna, stenst Zweig meira að segja freistingu kommúnisma, en með naumindum þó. Líkt og hendir marga evrópska rithöfunda og listamenn á þessum tíma, yfirgefur Zweig heimkynni sín og þar með lífið eins og hann þekkir það. Árið 1941, eftir að hafa dvalið um hríð á Englandi og í Bandaríkjunum, er hann kominn til Brasilíu. Þar lýkur hann við að skrifa sjálfsvæisöguna og gerir heiðarlega tilraun um líf útlagans. Ári síðar fremja hann og seinni eiginkona hans, Elizabeth Charlotte, sjálfsmorð.

Hver er þá lærdómurinn? Það er líklega til marks um alvöru þessarar bókar og mikilvægi, að höfundur hennar ruglast ekki á list og raunveruleika. Í því efni á hann sér læriföður. Það er franskirithöfundurinn og friðarsinninn Romain Rolland sem segir eftirfarandi við Zweig, ári áður en fyrri heimsstyrjöldin brýst út: „Listin getur verið oss til huggunar í einkalífi voru, /.../ en gagnvart raunveruleikanum má hún sín einkis.“\*

\* (Veröld sem var, þýð. Halldór J. Jónsson og Ingólfur Pálmason, Reykjavík: Bókautgáfa Menningarsjóds 1958, s. 186).

# TÓLF TÓNA TAL

Jóhannes Ágústsson og Lárus Jóhannesson hafa rekið verslun sína og útgáfu, 12 tóna, í tíu ár. Fyrirtækið hefur verið til húsa á Skólavörðustíg um langt árabil. Þar hafa þeir félagar sinnt áhugamönnum um tónlist af öllu tagi. Lárus og Jóhannes líta yfir farinn veg og til framtíðar.

TÓNLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

**V**ið erum bara að vakna upp við það að við erum tíu ára. Það kom öllum á óvart,“ segir Jóhannes. Það þótti glapræði þegar það fréttist að tveir nördar, áhugamenn um klassíska tónlist, væru búnir að stofna plötubúð á Barónsstíg. „Það var bara hlegið að okkur um allan bæ,“ heldur hann áfram. „Þetta var bara einhver stórkostleg fantasía sem upphófst á bar: tveir menn að horfa á fótbolta og í hálfleik var bara ákveðið að kýla á það.“


„Manchester United var að spila,“ segir Lárus. „Jói var verslunarstjóri í Japis og ég var einn af bestu kunnnum, kom alltaf á föstudögum. Það kom mér alltaf á óvart hvað ég skuldaði mikið, svo ég borgaði inn á og tók út enn þá meira. Við vorum á kafi í tónlist og erum búnir að vera vinir síðan við vorum krakkar. Kynntumst í skákinni og langaði svo mikið að gera þetta.“

Fyrir tíu árum voru klassískar deildir í Skífunni og Japis og þegar við bættist það sem vantaði í markaðinn í 12 tönum fullyrða þeir félagar að á örlytlum bletti í Reykjavík hafi verið best úrval af klassískri tónlist við Atlantshaf. Núna er klassíska deildin í Skífunni svipur hjá sjón, Japis horfið í sinni gömlu mynd og þeir tveir einir eftir: „Við fórum af stað með einfalda viðskiptahugmynd. Við höfðum brennandi áhuga á tónlist og hugsuðum þetta út frá kunnnum. Við erum ennþá með fullt af kunnnum sem komu þarna inn á fyrstu vikunum og hafa verið hér síðan. Við erum með kúnna sem hafa komið hingað á fimmtudögum, hvern einasta fimmtudag, í tíu ár. Þetta er mjög tryggur hópur,“ segir Lárus.

Eftir að 12 tónar komust á legg – fimm ára – fóru þeir Jóhannes út í næsta vers: ef þú selur plötur, því þá ekki að gefa út líka? „Það þróaðist þannig að við gáfum út allt – nema klassíska tónlist,“ segir Lárus. „Nú er þetta að breytast, við ætlum að gefa út fáa titla en gefa bara út það besta: toppinn. Sem dæmi erum við að gefa út disk númer tvö með Ísafold. Svo erum við að auka við okkur í flokki afburðahljóðfærleikara sem við ætlum að gefa út.“ Lárus segir að hér á landi séu nokkrir einstaklingar sem eru slíkir afburðahljóðfærleikarar að þeir gætu orðið alþjóðlegar stjórnur: „Ef það er einhver mælikvarði,“ segir hann. „Þetta fólk þarf stuðning. Það vita allir hvað Björk hefur gert fyrir Ísland. Ef við eignuðumst alþjóðlega stjórnun í klassíska geiranum þá hefði það gríðarleg áhrif fyrir landið.“

Þeir segjast hafa gefið út geysimikið af plötum á stuttum tíma til að sýna hraðan vöxt fyrir alþjóðlega dreifingu og var mikil breidd í útgáfunni. Nú hyggjast þeir einbeita sér að langtíma-verkefnum.

12 tónar settu á stofn búð í Kaupmannahöfn sem nú er hætt rekstri: „Danmerkurævintýrið,“ segir Lárus, „var dýrt einkanám, en það er ekki búíð. Við þurftum að fara út með okkar vöru. Það er eðli okkar útgáfu, hún er alþjóðleg. Við þekktum vel til í Danmörku svo



Lalli og Jói í 12 tönum.

MYND/FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

það lá beint við. Eftir stendur að allir þekkja merkið okkar, vörur okkar fást alls staðar og við rekum þar markaðs-skrifstofu.“ Þeir segjast gera lítið af því að endursemja um útgáfu, markmiðið sé að byggja upp vörumerkið 12 tóna. Jóhannes segir að útgáfan verði líklega svipuð og í fyrra en vegna markaðssetningar á Evrópumarkaði verði þeir að hugsa vinnsluna upp á nýtt. Allt taki lengri tíma, aðdragandinn sé lengri.

Þeir eru í samstarfi við fyrirtækið Cargo sem gefur út undir vörumerkinu 12 tónar í Evrópu. Fram undan er stærsta verkefni 12 tóna til þessa: um allan heim diskur með bandarísku hljómsveitinni Brian Jonestown Massacre í byrjun sumars á vegum 12

tóna. Meðal annars efnis sem þeir gefa út á næstunni er vínyl-útgáfa af Englábörnum Jóhanns Jóhannssonar en útgáfa á því formi færast í aukana. Í til efni af afmælinu þann 27. kemur út multichannel/surround-diskur með Ísafold. „Það verður ekki fullkomnara,“ segir Jóhannes og bætir við að viðræður séu í gangi um stóruakna dreifingu á klassískum armi útgáfunnar. Afmælisárið verður helgað ýmsum uppákomum, tónleikum og myndlistarsýningum. Þann 10. maí verður á Skólavörðustígnum fluttur mars sem Jóhannes fann í safni í Dresden eftir Wilhelm Hugo en þá verða 270 ár frá því hann var fluttur, eina verk þessa höfundar sem til er: „Þú verður að koma og heyra hann.“

Galleri List  
Skiptahólf 50A • sími: 581 4020  
www.gallerilist.is



eitthvað alveg einstakt





# Reinventing Harbour Cities

Föstudagur 25. apríl kl 18:00

## Ólafur Elíasson og Christopher Marcinkoski

Pri. 22. apríl kl. 17:00

### VISTVÆN MANNVIRKI OG ÞRÓUN Í STAVANGER

**Anne S. Skare.** Fyrirlestur skipulagsstjórans í Stavanger.  
Tungumál: norska og enska.

Fös. 25. apríl kl. 18:00

### REINVENTING HARBOUR CITIES

**Ólafur Elíasson og Christopher Marcinkoski.** Fyrirlestrar og umræður í samvinnu við CIA.IS og Listaháskóla Íslands. Tungumál: enska.

Alla daga vikunnar

### VATNSMÝRI, MALMÖ, STAVANGER OG FRAKKASTÍGUR

Sýning á verðlaunatilögu **Graeme Massie** um skipulag Vatns-  
mýrarinnar. Vesturhöfnin í Malmö, nýtt skipulag í Stavanger,  
rannsókn á Frakkastíg í Reykjavík og niðurstöður samkeppni um  
sumarskála við Norræna húsið.

SONGVÍSUR OG BARÁTTULJÓÐ Sun. 20. apríl kl. 20:00

**Bengt Hall, Sigrún Björnsdóttir, Árni Björnsson, Jóhanna Þórhallsdóttir, Reynir Jónasson, Silja Aðalsteinsdóttir og Per Warming, Vox Borealis og Þorraþrælar.** Kynnir: Kolbrún Halldórsdóttir.

DOMUS VOX Mið. 23. apríl kl. 20:00

**Anna Birgitta Bóasdóttir og Guðný Jónsdóttir** flytja sönglög.

DUO RESONANTE Fös. 25. apríl kl. 21:00

Jazz og heimstónlist frá Hollandi og Danmörku.

TRANSTRÖMER OG LIZST Lau. 26. apríl kl. 16:00

Ljóð eftir **Tomas Tranströmer**, tónlist eftir **Franz Lizst.** Björn J:son Lindh, Lars Hägglund og Leif Olsson.

15:15 TÓNLEIKAR Sun. 27. apríl kl. 15:15

**Guido Bäumer og Aldadár Rác.** Mið-Evrópsk saxófóntónlist.

**Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17.**

**Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.**

# ÓLAFUR opnar í MOMA


Í dag er opnun á stærstu yfirlitssýningu á verkum Ólafs Elíassonar frá öllum ferli hans í Museum of Modern Art í New York. Sýningin er í beinu framhaldi af stórsýningu hans í San Francisco í fyrra og tengist beint stóru útiverkasafni sem hann setur upp víða um New York í sumar og kallast Fossaverkefnið. Er þetta stærsta innkoma eins listamanns í höfuðvígi nútíma-myndlistar í heiminum um langt skeið.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON




Ólafur Elíasson  
MYND/FRETTABLAÐID

## NOKKUR VERK Á SÝNINGUNNI



**Moss wall / Mosaveggur (1994)** Tré, hreindýramosi og vír. Stærðir mismunandi. Innsetning í Neue Galerie am Landesmuseum Joanneum, Graz, Austurríki, 2000. Mynd/ Koinegg. Með góðfúslegu leyfi listamannsins og Tanya Bonakdar Gallery, New York; og neugerr-iemschneider, Berlín.  
© 2008 Ólafur Elíasson



**Your strange certainty still kept / Þín undarlega vissa helst enn (1996)** Vatn, strópljós, akríldúkur, tré, pumpa og slanga. 50.8 x 517.5 x 25.4 sm). Innsetning í Tanya Bonakdar Gallery, New York, 1996. Safn Dakis Joannou, Aþenu.  
© 2008 Ólafur Elíasson

**Soil quasi bricks / Steinar úr jarðefnum (2003)** Brennd þjoppuð jarðefni í flisum og tré. Mismunandi stærðir. Með leyfi listamannsins og Tanya Bonakdar Gallery, New York; og neugerr-iemschneider, Berlín. Innsetning á P.S.1, 2008 Mynd/Matthew Septimus. Með góðfúslegu leyfi MoMA og P.S.1.  
© 2008 Ólafur Elíasson



Handan um höf – Helgi Hálfðanarson



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



Ferðalok – Jónas Hallgrímsson 1807–1845



Surtsey – jörð úr ægi



SÝNINGAR Á  
ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House  
National Centre for Cultural Heritage  
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík  
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is  
Veitingar á virkum dögum.  
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00  
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum og á ensku kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum. Myndlistarsýning Húberts Nóa í verslun. Á sumardaginn fyrsta: Náttúrulífsmýndir Páls Steingrímssonar sýndar allan daginn – frítt inn.



360° room for all colours/ 360° herbergi fyrir alla liti (2002) Ryðfrítt stál, ákastsdúkur, flúrljós, tré og stjórntæki. (320 x 815.3 x 815.3 sm). Einkaeign. Með leyfi Tanya Bonakdar Gallery, New York. Innsetning í MOMA 2008.

MYND/MATTHEW SEPTIMUS. MEÐ GÓDFÚSLEGU LEYFI MOMA OG P.S.1.

© 2008 Ólafur Elíasson

Sýningin verður að teljast stórafangi á ferli Ólafs Elíassonar en myndlistarheiminum er í fersku minni sýning hans í Tate. Hann hefur verið æ meira áberandi í forystusveit samtímalistanna á Vesturlöndum. Stjórnandinn Glenn D. Lowry sparar ekki stórvæði í ávarpi sínu um sýninguna en hún verður á tveimur stöðum í New York og verður uppi til júnflokka, en fer þá til Dallas, þaðan til Chicago og endar för sína í Sydney sumarið 2009.

Take Your Time kallar Ólafur sýninguna Dokaðu við og vísar heitið til þess að hann kallar á áhorfandann að finna sig í verkunum, hann hefur um langt skeið talað ítrekað fyrir rétti og skynjun áhorfandans, sem hann leiðir á vit furðuheims skynjunar í ljósi, litum og rými. Fyrir þessa sýningu hefur hann bætt fjölda verka inn í safnið sem sýnt var í San Francisco en alls eru 38 verk á sýningunni í MOMA og P.S.1, 24 bæstast við og af þeim eru 6 unnin sérstaklega fyrir sýninguna. Þau eru af ýmsu tagi: þarna eru uppi stórar svarthvítar ljósmyndaseriur hans frá Íslandi, eldri verk sem eru á mörkum skúlptúrs og innsetningar sem mörg vísa beint til landsins sem hann er stöðugt að taka til meðferðar, auk rýmisverka af ýmsu tagi sem leika sér með skynjun birtu og litar. Þeirra stærst er verk sem er samnefnt sýningunni frá þessu ári, loftfastur spegill sem snýst og kollvarpar skynjun þeirra sem undir standa. Verkin koma víða að; mörg úr eigu safna eða safnara, önnur frá galleríum sem selja verk Ólafs eða úr eigu hans sjálfs. Sýningin er kostuð af fjölda virtra aðila úr bandarísku menningarstarfi auk danskra aðila. Enginn íslenskur aðili kemur að sýningunni sem vekur nokkra furðu miðað við þá ríku áherslu sem Ísland nýtur í verkunum á sýningunni.

Í fréttatilkynningu MOMA er ekki dregin dul á vinnslu hans með íslenska náttúru: þoka, vatn, vatsnföll, steinn og mosi eru virkir þættir í myndsköpun hans sem settir eru í nýja rýmislega við. Rétt eins og gríðarstór verk þar sem ljós og litur gera skynjun að leiksoppi aðstæðna.

Sýningunni fylgir stór bók sem gerir grein fyrir ferli þessa áhuga-verða listamanns sem hefur á undanförunum árum unnið á svipaðan máta og málarar endurreisnarinnar með sitt stóra verkstæði í Berlín. Ólafur hefur í fjölmiðlum vestanhafs og austan viðurkennt að það hafi hjálpað við undirbúning útrásarinnar til vesturs að hann sé nú að flytja vinnustofur sínar og því hafi margt komið til álita við frágang verka á sýninguna.

Stórbók helguð sýningunni kemur út og er haldbesta yfirlit sem nú er fáanlegt um feril Ólafs og verk hans. Hún geymir myndir af 70 helstu verkum hans, greinar eftir bandaríska listfræðinga og viðtal við listamanninn.

Sýningin mun vafalítið vekja gríðarlega athygli og ekki bætir úr fyrirhugað Fossaverkefni Ólafs sem hefur verið í burðarliðnum í nokkurn tíma og kemur upp í sumar á mörgum stöðum í New York. Uppsetning þess mun halda áfram athyglinni á Ólafi langt fram á haust. Í kringum sýningarhaldið í MOMA verða margs konar kynningar og fyrirlestrar sem tengjast Ólafi og verkum hans og er ekki að sjá annað en að mikill áhugi sé á dagskránni því þegar er orðið fullt á marga þessara viðburða.



**BÓKAÚTGÁFAN Bjartur fagnaði** þeim tíma-mótum á föstudag að nú er komin út fimmtugasta bókin í NEON-röðinni. Hefur undir hennar merkjum komið út mikill fjöldi þýddra samtímabóka úr mörgum deildum jarðar, auk nokkurra innlendra verka sem fengu þar skjól, ritgerðasöfn Gyrdís Elíassonar, Einars Más og Péturs Gunnarssonar, auk fyrstu verka Guðrúnar Mínervu. Þar hafa margir þýðendur lagt gjörva hönd á snúning verka á íslensku og er safnið allt hið fegursta.



**Breska bókmenntatimaritið Granta** fagnar um þessar mundir hundraðasta og fyrsta heftinu en það hefur um margra ára skeið verið deigla engilsaxneskra bókmennta og greinaskrifa. Þar hafa margir af yngri kynslóð höfunda sem skrifa á ensku stigið sín fyrstu og mikilvægustu skref og tryggir slóðin þeim snemmbæra virðingu því tímaritið hefur háan standard í öllu sem það birtir.



## Á öllum sviðum lífsins

ekki missa af frábærum sýningum



Hárbeitt verk í hrárrí sýningu

### Sá ljóti

e. Marius von Mayenburg

„Þetta er vel unnin sýning, skemmtileg og óvenju skýrt hugsuð.“  
MK, MBL 8/4



★★★★★  
PBB FBL, 29/3

### Engisprettur

e. Biljana Srbljanovic  
Sýningum lýkur í vor



### Sólarferð

e. Guðmund Steinsson

„Hafi maður efast um að Sólarferð Guðmundar væri rétta verkið til að endumýja kynni íslenskra áhorfenda við texta hans þá sópar sýningin öllum efasemdum úr huganum.“  
MK, MBL, 17/2.



Bráðfyndið og ágeengt gamanleikrit

### Vígaguðinn

e. Yasminu Reza

„Þau eru frábær, öll fjögur... Þetta er hörkugóð sýning...!“  
SA, tmm.is



### Ástin er diskó, lífið er pönk

e. Hallgrím Helgason  
Nýr íslenskur söngleikur. Frumsýning 1. maí







## UTÁNRIKISRÁÐUNEYTIÐ

Utánríkisráðherra skipar forstjóra Varnarmálastofnunar til fimm ára í senn frá 1. júní 2008. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í varnarmálalögum mun utánríkisráðherra skipa þriggja manna starfshóp til að undirbúa gildistöku laganna og skal verðandi forstjóri Varnarmálastofnunar eiga sæti í starfshópnum. Um laun forstjóra fer skv. ákvörðunum kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

**Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um stöðuna.**

# FORSTJÓRI VARNARMÁLASTOFNUNAR

Embætti forstjóra Varnarmálastofnunar er laust til umsóknar. Varnarmálastofnun hefur starfsemi 1. júní nk. skv. varnarmálalögum sem samþykkt voru á Alþingi 16. apríl 2008. Varnarmálastofnun heyrir undir utánríkisráðuneytið og verður með aðsetur á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

### Meginverkefni Varnarmálastofnunar verða eftirfarandi:

- Rekstur íslenska loftvarnakerfisins
- Þátttaka í loftrýmiseftirliti og loftrýmigæslu Atlantshafsbandalagsins (NATO)
- Rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja
- Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi NATO og upplýsingaúrvinnsla
- Undirbúningur og umsjón varnaræfinga hérlendis
- Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana NATO
- Verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951
- Samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði varnarmála

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf og þekking á verkswiði Varnarmálastofnunar
- Reynsla af mannaforráðum og almenn stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Leiðtogaþæfileikar
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku a.m.k.
- Reynsla og hæfileiki til að miðla upplýsingum ásamt hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í uppbyggingu nýrrar stofnunar

Upplýsingar um starfið veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum og starfsmannastjóri utánríkisráðuneytisins.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is), og senda jafnframt greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Fjölbreytt störf í boði

LS Retail ehf. leitar að starfsfólki til að takast á við aukin verkefni bæði innanlands og á erlendum vettvangi. Óskum að ráða í eftirtalin störf:

## Hugbúnaðarhönnuður Microsoft Dynamics NAV

Starfssvið felst í hönnun og forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics NAV.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði eða tölvunarfræði (eða sambærilegt nám) ásamt mikilli reynslu af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV. Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra.

## Hugbúnaðarsérfræðingur Microsoft Dynamics NAV

Starfssvið felst í forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics NAV.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af hugbúnaðargerð með Microsoft Dynamics NAV er æskileg en ekki skilyrði. Reynsla af gagnagrunnstengdri hugbúnaðargerð er kostur.

## Hugbúnaðarsérfræðingur á samskiptasviði

Starfssvið felst í forritun á gagnagrunnstengdum samskiptalausnum yfir staðarnet og víðnet.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði eða tölvunarfræði. Góð þekking á forritun í C/C++/C#. Þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra ásamt þekkingu á TCP/IP, XML og vefþjónustum.

## Hugbúnaðarsérfræðingur Microsoft Dynamics AX

Starfssvið felst í forritun á viðskiptalausnum fyrir Microsoft Dynamics AX.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða viðskiptafræði. Reynsla af hugbúnaðargerð með Microsoft Dynamics AX er æskileg en ekki skilyrði. Reynsla af gagnagrunnstengdri hugbúnaðargerð er kostur.

## Hugbúnaðarráðgjafi Microsoft Dynamics AX

Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptalausnum byggðum á Microsoft Dynamics AX.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Góð almenn tölvukunnátta. Haldgöð þekking á Microsoft Dynamics AX eða sambærilegum kerfum er æskileg. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófimeinn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

## Sérfræðingur í skjölun og prófunum

Starfssvið felst í gerð notendaleiðbeininga fyrir viðskiptahugbúnað auk prófana á hugbúnaðarkerfum.

**Menntunar og hæfniskröfur:** Góð almenn tölvukunnátta. Þekking á Microsoft Dynamics AX eða NAV er æskileg en ekki skilyrði. Góðir samskiptahæfileikar. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði ásamt hæfileika til að skrifa skýran og góðan texta. Lögð er áhersla á sjálfstæði, skipulagningu og nákvæmni í vinnubrögðum.

## Starfsmaður á skrifstofu, 50% starf

Bókhald, innheimta, greiðsla reikninga og leyfismál, ásamt verkefnum sem tengjast þjónustu við viðskiptavinum.

**Hæfniskröfur:** Almenn þekking á bókhaldi, reynsla af NAV bókhaldskerfi er æskileg en ekki skilyrði. Lögð er áhersla á sjálfstæði, skipulagningu og nákvæmni í vinnubrögðum. Um hálf dagsstarf er að ræða fyrst um sinn.



LS RETAIL

Öll störfin gera kröfu um góða enskukunnátta, frumkvæði, metnað og getu til að vinna sjálfstætt. Nánari upplýsingar veitir Högni Hallgrímsson. Umsóknarfrestur er til 5. maí. Umsóknir sendist á netfangið [hogni@LSRetail.com](mailto:hogni@LSRetail.com)

### Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007

LS Retail ehf. er hugbúnaðarhús sem þróar sérhæfðan hugbúnað fyrir verslanir. Vörur fyrirtækisins byggja að miklu leyti á hugbúnaði frá Microsoft með áherslu á Microsoft Dynamics AX og Microsoft Dynamics NAV. LS Retail ehf. er í fremstu röð fyrirtækja sem þróa verslunar- og veitingahúsalausnir á grunni Microsoft Dynamics NAV/AX fyrir alþjóðamarkað. LS Retail verslunarlausnir hafa verið seldar til 130 landa, þýddar á 33 tungumál og er dreift gegnum net 75 vottaðra samstarfsfyrirtækja í 51 landi. Lausnir frá LS Retail eru í notkun í yfir 18.000 verslunum á yfir 41.000 afgreiðslukössum um allan heim. Meðal ánægðra viðskiptavina sem nota kerfið eru: adidas, Vero Moda, Jack and Jones, Magasin du Nord og IKEA. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu okkar [www.LSRetail.com](http://www.LSRetail.com)



# VIÐSKIPTAÞRÓUN



PÓSTURINN

allur pakkinn

## Erum við að leita að þér?

Íslandspóstur hf. óskar eftir að ráða forstöðumann viðskiptaþróunar til starfa.

Starfsmaður ber ábyrgð á viðskiptaþróun Íslandspósts. Hann skal leiða þróun og endurbætur á vörum fyrirtækisins og stuðla að þróun nýjunga. Einnig skal hann vakta möguleika Íslandspósts á nýjum viðskiptasviðum og þannig stuðla að framþróun fyrirtækisins.

Um er að ræða mjög fjölbreytt og ögrandi starf sem krefst frumkvöðlahugsunar og sjálfstæðis í starfi.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun.
- Frumkvæði, árangursdrifni og hæfni í mannlegum samskiptum eru nauðsynlegir kostir.

Við leitum að kraftmiklum, hugmyndaríkum einstaklingi sem á auðvelt með að halda mörgum boltum á lofti í einu.

### Íslandspóstur er

- Markaðsdrifið þjónustufyrirtæki
- Fyrirtæki sem keppir að því að vera leiðandi á sviði flutninga-, dreifinga- og samskiptalausna
- Fyrirtæki þar sem starfsfólkið er kjarni starfseminnar

Íslandspóstur veitir almenna og sérhæfða bréfa- pakka- og sendingaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki innanlands og utan.

### Umsóknarfrestur er til 4. maí 2008

Nánari upplýsingar veitir Anna Katrín Halldórsdóttir.

Starfsumsókn og ferilskrá skal skilað á [starf@postur.is](mailto:starf@postur.is) merkt „viðskiptaþróun“ í efni. Einnig er hægt að setja inn starfsumsókn á [www.postur.is](http://www.postur.is)

Íslandspóstur hf. · Stórhöfða 29 · 110 Reykjavík · Sími 580 1000 · [www.postur.is](http://www.postur.is)



Sunnulaekjarskóli  
Skóli með áherslu á þróunarstarf og nýbreytni í starfsháttum auglýsir eftir starfsfólki

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir kennurum til starfa veturinn 2008-2009

## Sunnulaekjarskóli

Kennara vantar til starfa við Sunnulaekjarskóla á Selfossi næsta haust. Skólinn var stofnaður haustið 2004 og mun vaxa um einn árgang á ári næstu ár. Skólaárið 2008-2009 verða um 400 nemendur í skólanum í 1. - 8. bekk. Sérdeild Suðurlands er deild í Sunnulaekjarskóla.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skóla-starfinu koma.

Umsjónarkennara vantar á yngsta, mið- og elsta stig. Einnig vantar sérkennara og kennara til að kenna tónmennt, heimilisfræði, íþróttir, sund, dans og smíðar. Þá vantar dönsku- og enskukennara. Ýmist getur verið um heilar stöður eða hlutastörf að ræða.

Umsækjandi þarf að hafa kennarapróf, góða skipulags-hæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Nánari upplýsingar má fá hjá skólustjóra í síma 480 5400 eða [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is) og á heimasíðu skólans [www.sunnulaekjarskoli.is](http://www.sunnulaekjarskoli.is)

### Umsóknarfrestur er til 28. apríl næstkomandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum berist Birgi Edwald, skólustjóra, [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is). Einnig er hægt að senda umsóknir á heimilisfang skólans.



## BIFVÉLAVIRKI AKUREYRI

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

Staða bifvélavirkja hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

### Starfssvið

- Vinna við viðhald bifreiða og véla
- Vinna við viðhald á ýmsum búnaði
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Reynsla af bíla- og vélaviðgerðum æskileg
- Þekking á rafeindabúnaði æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Halla Björk Gardarsdóttir ([halla.gardarsdottir@capacent.is](mailto:halla.gardarsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## VÖRUMERKJASTJÓRI

Mekka wine & spirits hf. er einn stærsti áfengis-innflytjandi landsins og meðal vörumerkja fyrirtækisins eru heimsþekkt og leiðandi vörumerki eins og Finlandia, Bacardi, Jameson, Jack Daniels, Kahlua, Chivas Regal, Ballantines, Beefeater, Bombay, Bacardi Breezer, Miller Geniune Draft, Pilsner Urquell, Hot n' Sweet, Jacobs Creek, Sunrise, Casillero del Diablo, Tommasi og Mumm.

Mekka wine & spirits hf. leitar að ferskum og metnaðargörnum vinnufélaga til að hafa yfirumsjón með nokkrum af þekktustu áfengisvörumerkjum heimsins sem eru leiðandi í sínum vöruflokkum á Íslandi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

### Starfssvið

- Mótun og framkvæmd markaðsáætlana
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við viðskiptavini
- Hugmyndavinna og samskipti við miðla og auglýsingastofur
- Samstarf með söluveild

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða markaðsfræða
- Að vera hugmyndarík og láta verkin tala
- Afburða enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Að vinna vel undir álagi

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Arnadóttir ([sigrun.yr.arnadottir@capacent.is](mailto:sigrun.yr.arnadottir@capacent.is)) og Brynhildur Steindórsdóttir ([brynhildur.steindorsdottir@capacent.is](mailto:brynhildur.steindorsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



FÍS eru hagsmunasamtök lítilla sem stórra fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Hlutverk FÍS er að gæta hagsmuna aðildarfyrirtækja sinna með því að vera framvörður heilbrigðra verslunarháttá sem tryggir réttlátar leikreglur í samkeppni og eflir hag verslunar á Íslandi. Undir félaginu eru íslensk kínverska og íslensk indversku verslunarráðin.

## FRAMKVÆMDASTJÓRI

FÍS óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir mikið á samskipti og leiðtogaþæfileika.

### Ábyrgð framkvæmdastjóra er

- að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu og hefðir félagsins
- að stýra daglegum rekstri og starfsemi á skrifstofu gagnvart stjórn
- að stýra almanna-, fjölmiðlatengslum og samskiptum við félagsmenn
- að koma fram fyrir hönd félagsins á opinberum vettvangi
- að viðhalda og byggja upp samskipti við erlend systursamtök
- að bera ábyrgð á Fjárfestingasjóði stórkaupmanna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Yfirgripsmikil þekking og tengsl inn í íslenskt viðskiptalíf
- Reynsla af stjórnun og rekstri skilyrði
- Reynsla af ímyndarvinnu og samningagerð
- Þekking á starfsemi félagasamtaka
- Góðir samskiptahæfileikar og tungumálakunnáttá

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Skrifstofa Alþingis annast rekstur Alþingis. Á skrifstofunni eru rúmlega 100 starfsmenn í föstu starfi. Á launaskrá eru um 170 launþegar að alþingismönnum meðtöldum. Nánari upplýsingar má fá á vef Alþingis: [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

## FORSTÖÐUMAÐUR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

Skrifstofa Alþingis auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns fjármálaskrifstofu. Fjármálaskrifstofa annast öll fjármál og launamál Alþingis. Á skrifstofunni eru sex starfsmenn. Mikið reynir á samskipti við samstarfsmenn, stjórnendur og þingmenn.

### Starfssvið

- Dagleg stjórnun fjármálaskrifstofunnar
- Umsjón með gerð rekstraráætlaða í samráði við aðra stjórnendur
- Þátttaka í daglegum störfum skrifstofunnar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskipta- eða hagfræði með áherslu á rekstur eða endurskoðun
- Reynsla af vinnu við bókhald
- Góð reynsla af vinnu við töflureikna
- Stjórnunarreynsla
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Skrifstofa Alþingis annast rekstur Alþingis. Á skrifstofunni eru rúmlega 100 starfsmenn í föstu starfi. Á launaskrá eru um 170 launþegar að alþingismönnum meðtöldum. Nánari upplýsingar má fá á vef Alþingis: [www.althingi.is](http://www.althingi.is)

## TÖLVUÞJÓNUSTA

Skrifstofa Alþingis óskar eftir að ráða starfsmann í almenna tölvuþjónustu. Tölvudeild er deild innan rekstrar- og þjónustusviðs skrifstofunnar. Starfsmenn deildarinnar eru fimm.

### Helstu verkefni eru

- Uppsetning og viðhald á vélum og hugbúnaði notenda
- Umsjón með prenturum og öðrum tækjabúnaði
- Almenn þjónusta við notendur
- Samskipti við starfsmenn og þingmenn

Áhersla er lögð á símenntun í starfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna Alþingis. Þau geta tekið mið af hæfni, sértækri reynslu og frammistöðu starfsmanns.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðeigandi menntun í tölvu- og upplýsingatekni
- Góð almenn þekking á tölvum og tölvukerfum
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á Microsoft Windows stýrikerfum og Office pakka
- Mjög góð þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Góð íslenskukunnáttá áskilin. Góð tök á ensku og einu Norðurlandamáli æskileg

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



**Verkefnastjórnunarfélag  
Íslands**

## Vottun verkefnastjóra

Kynningarfundur um IPMA vottun verkefnastjóra verður haldinn á vegum Verkefnastjórnunarfélags Íslands þriðjudaginn 22. apríl n.k. Fundurinn verður í húsi Verkfræðingafélagsins að Engjateigi 9 og verður frá kl. 15:00 til kl. 16:00. Allir eru velkomnir, vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfang: [omar@landsnet.is](mailto:omar@landsnet.is)

4

ATVINNA

20. apríl 2008 **SUNNUDAGUR**

## HÁR ! HÁR !

Við hjá hársnyrtistofu Dóra Langholtsvegi 128 óskum eftir að ráða hársnyrtir til starfa sem fyrst. Góð laun í boði. Upplýsingar veita Dóri í síma: 568-5775, 899-6637 og Inga í síma: 863-7949.

# Spennandi atvinnutækifæri hjá Orkuveitu Reykjavíkur



### Verkefnastjóri hjá Nýjum virkjunum

Svið Nýrra virkjana Orkuveitu Reykjavíkur leitar að verkefnastjóra fyrir vélbúnað. Stærstu verkefni sviðsins eru Hellisheiðarvirkjun, stækkun hennar og nýjar virkjanir við Hverahlíð og Bitru. Verkefnastjóri mun starfa beint undir staðarverkfræðingi.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Stjórn uppsetningar vélbúnaðar jarðhitavirkjana og annars tengds búnaðar
- Eftirfylgni verksamninga
- Kostnaðargát og greiningar

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélaverkfræði, framhaldsnám á fagsviðinu
- Reynsla af verkefnastjórn á framkvæmdastað 3 ár eða lengur
- Mikil þekking á verksamningum og rekstri þeirra
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Eldmóður, frumkvæði og samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 27. apríl nk.

### Lagnavinna í Framkvæmdadeild

Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugt fólk til starfa. Meginverkefni Framkvæmdadeildar eru viðbrögð við bilunum, ýmis endurnýjunarverk auk nýlagnaverkefna í kerfum Orkuveitunnar.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Um er að ræða störf við lagnavinnu við ljósleiðara innanhúss. Ef þú ert vandvirk/vandvirkur í vinnubrögðum, þá átt þú erindi við okkur.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Við leitum að duglegum og samvissusömum einstaklingum með færni í mannlegum samskiptum. Ef þú ert einstaklingur með áður nefnda hæfileika getur orðið um framtíðarráðningu að ræða.

- Sveinspróf í rafvirkjun, símvirkjun eða reynsla af lagnavinnu undir verkstjórn meistara
- Sambærileg menntun eða reynsla

Umsóknarfrestur er til og með 4. maí nk.

### Verkefnastjóri í Verkfræðideild

Verkfræðideild óskar að ráða verkefnastjóra til starfa. Deildin hefur umsjón með hönnunarverkefnum og verkefnastjórn framkvæmdaverka hjá Orkuveitunni, aðallega verkum sem taka til dreifi- og flutningskerfa allra miðla. Deildin hefur einnig umsjón með verkefnum á sviði kerfisrannsóknna, hagkvæmniútreikningum og öðrum sérverkefnum.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Verkefnastjórn í framkvæmdaverkum Orkuveitunnar. Í verkefnastjórn felst ábyrgð á framgangi verka gagnvart verklagi, efnisútvegum, tímaáætlun, kostnaði og gæðum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Haldgóð reynsla af verkefnisstjórn áskilinn
- Góð tölvukunnátta. Reynsla af hugbúnaði á sviði verkefnastjórnunar æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 4. maí nk.

### Deildarstjóri Verkeftirlits

Framkvæmdasvið Orkuveitunnar óskar að ráða öflugan einstakling í stöðu deildarstjóra Verkeftirlitsdeildar. Verkefni deildarinnar ná til dreifikerfa rafmagns, vatns, gagnaveitu og fráveitu.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið:

Stýra öflugri sveit starfsmanna sem sjá um allt fag- og öryggisefirlit vegna verklegra framkvæmda sem unnar eru í umboði Orkuveitunnar. Ábyrgð á rekstri deildarinnar, fjárhagslega og faglega. Deildarstjóri vinnur mjög náið með sviðsstjóra Framkvæmdasviðs og gerir starfið miklar kröfur til deildarstjórans.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verkfræði og/eða viðskipta eða sambærilegu
- Góð reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda, t.d. úr verktakageiranum
- Æskileg reynsla af mannaforráðum
- Fagmennska, frumkvæði, metnaður og góðir samskiptahæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 4. maí nk.



Umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)



• Orkuvinnsla í sátt við umhverfið: Gengið er út frá umhverfismálum í allri starfsemi OR.

[www.or.is](http://www.or.is)



Fjölbreytt og skemmtileg störf  
í boði á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)





## Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingum til starfa sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni.

### Sérfræðingur í umbótastjórnun

Starfið felur í sér verkefnastjórnun ýmissa umbótaverkefna sem tengjast framleiðsluferlum, gagnagrunnum og fjármálum fyrirtækisins. Starfinu fylgja mikil samskipti og samstarf við aðrar deildir fyrirtækisins. Lögð er áhersla á raunhæft val verkefna og skipulagða úrlausn þeirra. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á stöðugar umbætur til að auka samkeppnishæfni sína og bæta þjónustuna við viðskiptavinum.

Við leitum að einstaklingi með háskólamenntun í verkfræði eða samsvarandi, góða tölvukunnáttu og góða innsýn í fjármál. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á gagnagrunnum og notkun þeirra. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum og eiga gott með að vinna með öðrum. Nauðsynlegt er að hafa þekkingu á verkefnastjórnun og geta komið vel frá sér efni, bæði á íslensku og ensku.

### Starf við lyfjablöndun

#### Í starfinu felst:

- Uppvígðun hráefna
- Blöndun og frumvinnsla hráefna
- Samsetning á vélum
- Skjalfesting

#### Hæfniskröfur:

- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á sérhæfðum vélbúnaði
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði er kostur
- Stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun er æskileg

#### Vinnutími:

- Unnið er viku í senn á dag- og kvöldvöktum og sjöttu hverja viku á næturvakt

### Starf vélamanns í lyfjapökkun

#### Í starfinu felst:

- Tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningar, breytingar og stillingar á pökkunarlínum
- Uppkeyrsla á pökkunarlínum
- Vélakeyrsla við kartona- og þynnupökkun
- Skjalfesting

#### Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun og/eða reynsla af vinnu við vélar er æskileg
- Reynsla eða þekking úr sambærilegum iðnaði er kostur
- Við leitum að einstaklingum sem búa yfir þjónustulund, góðum samskiptahæfileikum, nákvæmni og polinmæði

#### Vinnutími:

- Unnið er á þrískiptum vöktum, viku í senn á hverri vakt

Actavis veitir starfsmönnum sínum árlega styrki til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks. Við höfum gott mótuneyti og öflugt starfsmannafélag auk þess sem ein af líkamsræktarstöðvum World Class er í húskynnum Actavis að Dalshrauni 1.

#### Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu, því í sameiningu komumst við lengra en við getum ein
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Nánari upplýsingar veita **Arna Garðarsdóttir**, [agardarsdottir@actavis.is](mailto:agardarsdottir@actavis.is) og **Aðalheiður Rúnarsdóttir**, [adrunarsdottir@actavis.is](mailto:adrunarsdottir@actavis.is). Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir **Störf í boði** fyrir **28. apríl n.k.**

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is



# Deloitte.

## Settu markið hátt



Fyrir utan einstakt útsýni er fjölbreytt starfsemi í Deloitte turninum, m.a. World Class líkamsræktarstöð og veitingastaðurinn Nitjándi, þar sem starfsfólk Deloitte borðar saman í hádeginu.



Ein skynsamlegasta ákvörðun sem ég hef tekið var að hefja störf hjá Deloitte. Þar fæ ég hagnýta starfsreynslu með faglegu og öflugum teymi starfsmanna. Ég get hiklaust mælt með starfinu fyrir alla sem vilja ná árangri.  
**Ingunn Einarsdóttir**



Ég geri þær kröfur til starfs míns að verkefni séu fjölbreytt, ég hafi tækifæri til að auka við þekkingu mína og að starfsandinn sé góður. Hjá Deloitte starfar hæfileikaríkt fólk saman að spennandi verkefnum og ég er mjög ánægður í mínu starfi.  
**Ómar Gunnar Ómarsson**

Við leitum að dugmiklu og drífandi fólki til starfa í höfuðstöðvum Deloitte í **Deloitte turninum** við Smáratorg í Kópavogi.

Við leitum einnig að löggiltum endurskoðendum eða viðskiptafræðingum til starfa á starfsstöðvum okkar í **Snæfellsbæ** og í **Vestmannaeyjum**.

#### Kröfur um menntun og hæfni:

- BS gráða í viðskiptafræði og gjarnan meistara-gráða á sviði reikningsskila og endurskoðunar
- Reynsla af reikningshaldi og endurskoðun kostur en ekki skilyrði
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku

**Deloitte er skemmtilegur vinnustaður þar sem um 200 manns starfa. Við höfum öflugt starfsmannafélag sem heldur fótboltamót, golfmót og ýmsar aðrar skemmtilegar uppákomur.**



Deloitte hefur í 7 ár í röð verið valið Fyrirmyndarfyrirtæki í fyrirtækjakönnun VR

Deloitte er leiðandi þekkingarfyrirtæki með yfir 150.000 starfsmenn á alþjóðavísu. Á Íslandi eru starfsmenn um 200 víðsvegar um landið og veitir fyrirtækið þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningsskila, skatta- og lögfræðiráðgjafar og fjármálaráðgjafar. Deloitte leitast við að bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

Ferilskrá með upplýsingum um fyrri störf, menntun og reynslu sendist til mannauðs- stjóra á netfangið [aslaug.gudmundardottir@deloitte.is](mailto:aslaug.gudmundardottir@deloitte.is) fyrir 27. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Áslaug Guðmundardóttir í síma 580 3000.



## Hugbúnaðarsérfræðingur

Landsbókaskafn Íslands – Háskólabókaskafn er í fremstu röð í heiminum við framsetningu og miðlun stafræns menningarefnis og framundan eru viðamikil verkefni við gerð, varðveislu og birtingu á stafrænum safnkosti okkar. Því leitum við að liðsstyrk við upplýsingatæknihópinn okkar. Við bjóðum upp á fjölbreytt og spennandi verkefni í metnaðarfullu starfsumhverfi.

### Helstu verkefni

- Greining þarfa
- Þróun hugbúnaðar
- Þátttaka í fjölbjóðlegum samstarfsverkefnum
- Aðlögun og innleiðing á sérhæfðum hugbúnaði

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði tölvunar-, verk- eða kerfisfræði eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking á Java eða sambærilegu máli er skilyrði
- Reynsla af notkun Linux er æskileg
- Þekking á Perl, XML, MySQL, Eclipse, Hibernate og Maven2 er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og samskiptahæfileikar

Upplýsingatæknihópur Landsbókaskafnsins vinnur að fjöldamörgum áhugaverðum verkefnum sem eru einstæð á Íslandi. Við bjóðum upp á gott starfsumhverfi með spennandi tækifærum, möguleikum á sí- og endurmenntun og fjölskylduvænan vinnutíma.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Sigurðsson, fagstjóri upplýsingatæknihóps, kristsi@bok.hi.is, s. 525-5656.

Umsóknir merktar „Hugbúnaðarþróun“ sendist til Vigdísar Eddu Jónsdóttur, starfsmannastjóra, á vigdise@bok.hi.is til og með 27. apríl 2008. Við ráðningar er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.

Landsbókaskafn Íslands – Háskólabókaskafn | Arngrimgötu 3 - 107 Reykjavík | s. 525-5600 | www.landsbokasafn.is  
Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Ingileif Ástvaldsdóttir [ingileif@thelamork.is](mailto:ingileif@thelamork.is) í síma 460 1770 og Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri [unnare@thelamork.is](mailto:unnare@thelamork.is) í síma 460 1774.

Allar nánari upplýsingar um skólann er að finna á heimasíðu skólans [thelamork.is](http://thelamork.is)

## Efnalaugin Björg, Háaleitisbraut, óskar eftir að ráða starfsmann í móttöku og afgreiðslu

Um fullt framtíðarstarf er að ræða. Góð laun eru í boði. Nánari upplýsingar á staðnum.

Efnalaugin Björg er rúmlega 50 ára gamalt fyrirtæki sem kappkostar að vera fremst á sínu sviði. Áratuga reynsla starfsmanna skapar þá þekkingu og þjónustu sem Efnalaugin Björg veitir viðskiptavinum sínum.



## Súfistinn Hafnarfirði

Súfistinn bókakaffi Lækjargötu 2a lóuhúsi. Laus eru til umsóknar hlutastörf við afgreiðslu og þjónustu.

Upplýsingar veitir Ólóf í síma: 659-1139. Umsóknareyðublöð á [www.sufistinn.is](http://www.sufistinn.is)



## ATAFL

Vegna aukinna verkefna er óskað eftir að ráða smiði í mótauppslátt.

Vinnuaðstaða er til fyrirmyndar og rík áhersla er lögð á öryggi á verkstað.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar veita:

**María Þórgrímsdóttir** í síma 420 6400 og **Gunnar Jónsson** í síma 695 6405.

Umsóknum skal skila á heimasíðu Atafils, [www.atafl.is](http://www.atafl.is), eða senda á skrifstofu fyrirtækisins að Lyngási 11, 210 Garðabæ.

Atafl er eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Garðabæ.



## Ert þú framúrskarandi lækningaritari?

Vegna aukinna verkefna leitum við að fleiri lækningaritum í liðsheild okkar hjá Conscriptor ehf. Í boði eru fjölbreytt verkefni hjá spennandi fyrirtæki í góðu starfsumhverfi. Ekki þykir verra að við greiðum starfsfólki vel fyrir sín störf.

Ef þú hefur góða starfsreynslu og ert tilbúin til að vera hluti af skemmtilegri liðsheild þá ekki hika við að hafa samband við okkur. Sendu okkur upplýsingar um þig sem fyrst á netfangið [starf@conscriptor.is](mailto:starf@conscriptor.is) og hver veit nema leiðir okkar liggja saman?

Conscriptor ehf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í ritaraþjónustu fyrir heilbrigðiskerfið. Félagið stendur á traustum grunni og skemmtilegri liðsheild framúrskarandi hæfileikafólks. Félagið er systurfélag Conscriptor AB sem rekur samskonar starfsemi fyrir virtar heilbrigðisstofnanir og einkareknar læknastofur í Svíþjóð.



Conscriptor ehf. · Holtasmári 1 · 201 Kópavogur · sími 445 1005 · [www.conscriptor.is](http://www.conscriptor.is)



## Margmiðlunarhönnuður

Vefdeild 365 miðla óskar eftir margmiðlunarhönnuði í fullt starf við hönnun auglýsinga, vefja, viðmóta og fjölbreyttra margmiðlunarverkefna fyrir vörur og vefi félagsins.

Viðkomandi þarf að hafa:

- menntun á sviði margmiðlunar og/eða grafískrar hönnunar
- starfsreynslu í vef- og margmiðlunarhönnun
- góðan skilning á viðmóthönnun, þ.m.t. upplýsingaarkitektúr, nytsemi, aðgengi og stöðlum
- mikla þekkingu og reynslu í vinnu í Photoshop og Flash, kunnátta á Illustrator er kostur
- brennandi áhuga á margmiðlun, vera skapandi í hugsun, röskur og sjálfstæður

Sótt er um á vef 365 miðla - <http://www.365midlar.is/Um-365/Storf-hja-365>. Óskað er eftir að umsækjendur sendi inn ferliskrá og yfirlit yfir verkefni.









### SELTJARNARNESBÆR Íþróttasvæði við Suðurströnd Aðkoma og bílastæði ÚTBOÐ

Seltjarnarnesbær óskar eftir tilboðum í endurnýjun á aðkomuvegi og gerð nýrra bílastæða við Íþróttasvæði bæjarins við Suðurströnd.

Verkið felst í að endurnýja núverandi aðkomuveg, gerð nýrra bílastæða við íþróttavöll, malbikun og hellulögn ásamt lagfæringu og frágangi stæða við íþróttamiðstöð.

Helstu magntölur eru:

- Gröftur og malbikun: ~ 800 m<sup>3</sup>
- Fyllingar: ~ 600 m<sup>3</sup>
- Malbik: ~ 2.400 m<sup>2</sup>
- Fráveitulagnir: ~ 100 lm
- Hellulagnir: ~ 300 m<sup>2</sup>
- Steyptar gangstéttar: ~ 400 m<sup>2</sup>

Verktími: 9. júní - 8. ágúst 2008

Útboðsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 22. apríl á skrifstofu tæknideildar, Bygggördum 1, Seltjarnarnesi. Einnig er hægt að óska eftir þeim á rafrænu formi með því að senda tölvupóst á netfangið [helga@seltjarnarnes.is](mailto:helga@seltjarnarnes.is).

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en föstudaginn 16. maí kl. 11:00



## GARÐABÆR

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

## Vinnuaðstaða fyrir listamenn í Króki á Garðaholti

Auglýst er eftir umsóknum listamanna um tímabundna vinnuaðstöðu í Króki á Garðaholti. Í boði eru 1-3 mánuðir í senn. Um er að ræða úthlutun frá og með september 2008 til maí 2009. Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær í eigu Garðabæjar. Í hluta hússins er sérherbergi ætlað sem vinnuaðstaða fyrir listamann. Í Króki eru einnig varðveitt gömul húsgögn og aðrir munir.

Reglur um úthlutun vinnuaðstöðunnar og nánari upplýsingar eru birtar á heimasíðu Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

**Umsóknarfrestur er til 7. júní nk.**

**Menningar- og safnanefnd Garðabæjar**

Fræðslu- og menningarsvið

Logafold 147 112 Reykjavík

**Opið hús í dag kl. 16:00-17:00**



**21.000.000**

Falleg og kósý 3 herbergja 71,5 fm í góðu parhúsi með sérinnangi í Grafavoginum. Ásamt sér bílastæði.

Jóninna s. 894-0257 tekur á móti gestum

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar  
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801  
[www.draumahus.is](http://www.draumahus.is) • [draumahus@draumahus.is](mailto:draumahus@draumahus.is)



# domus

FASTEIGNASALA



Linda B. Stefánsdóttir  
löggráðgjafi  
Reykjavík

## Einstakt tækifæri - Auðveld kaup

Til sölu mjög góður Pizza staður á Höfuðborgarsvæðinu. Þekkt merki, ný tæki, og góð viðskiptasambönd.

Miklir vaxtamöguleikar.

Ýmis skipti koma til greina.

Halldór Jenson  
viðskiptastjóri  
[halldor@domus.is](mailto:halldor@domus.is)  
sími 840 2100



## Rentus

LEIGUMIÐLUN



Halldór Jenson  
[halldor@rentus.is](mailto:halldor@rentus.is)  
gsm 840 2100

## Skipholt – 105 Reykjavík

Til leigu glæsileg 264 fm skrifstofuhæð miðsvæðis í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í móttöku, fundarherb., 5 stórar skrifstofur, eldhús, snyrtingar og geymslu. Parket og glæsilegt útsýni. Húsnæðið leigist með húsgögnum. Lyfta er í húsinu og góð aðkoma. Laust fljótlega.

Rentus leigumiðlun | Laugavegi 97 | 101 Reykjavík  
Sími 440 6100 | Fax 440 6101

[www.rentus.is](http://www.rentus.is)

Stakfell | Grunnur að góðu lífi  
Porlákur Ó. Einarsson, lögg. fasteignasali

## OPIÐ HÚS Í DAG KL 15.00-15.30 Herjólfsgata-Laus strax



96 fm risibúð fyrir 60 ára og eldri. Gott sjávarútsýni. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og baðherbergi. Stæði í bílageymslu. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning. Verð 32,9 milljónir

## OPIÐ HÚS Í DAG KL 14.00-14.30 Engihjalli - 1 hæð



84 fm 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðin skiptist í 2 svefnh. stofu, eldhús og bað. Sérgeymsla á jarðhæð. Þvottah. Á hæðinni. Verð 20,4 millj.

Lágmúli 7, sími 535\_1000

Stakfell.is

WWW.AKKURAT.IS



## ÁRMÚLI – TIL LEIGU!

Hægt að leigja saman eða í sittvoru lagi.

**LOSJAR 1. maí nk.**

SKRIFSTOFUR: 300 fm heildsala/skrifstofuhúsnæði með sérinnangi. 2. hæð.  
Bak við Parket og Gólf.



## LAGER

686,5 fm húsnæði á jarðhæð/kjallara á þessum eftirsóttasta stað sem er í návist við alla helstu þjónustu. Húsnæðið er með allt að 3m lofthæð og malbikuðu bíl-aplani og góðri innkeyrsluhurð. Húsnæðið skiptist í eldhús og salernisáðstöðu, þrjá góða sali með miklum nýtingar möguleikum. **Húsnæðið verður laust frá og með 1. maí 2008 eða fyrr eftir samkomulega.**

Akkurat  
FASTEIGNASALA  
STÖRHÖFÐA 27  
Sími 594 5000  
Halla Unnur Helgadóttir lögg. fast

Nánari upplýsingar gefur Ingvar Ragnarsson  
Löggiltur fasteigna - fyrirtækja- og skipasali  
Löggiltur leigumiðlari S. 594 5005 / 822 7300

## Opið hús í dag frá kl. 15 :00 til 16:00 Smárarími 104



Til sýnis í dag sérlega fallegt, samtals 210 fm, einbýlishús á einni hæð með 4 svefnherbergjum, innbyggðum bílskúr, stórum hellulagði innkeyrslu með hitalögn, glæsilegum garði með timburvernd og skjólveggjum. Hér er á ferðinni sérlega fjölkýlduænt hús á einni hæð á frábærum stað í góðu göngufæri við skóla, leikskóla og alla helstu þjónustu. Skipti möguleg á minni eign. **Verð 64,9 millj.**

Sigurbjartur og Hólmfríður (s: 692-5940) sýna húsið  
í dag á milli kl. 15 og 16.

## Opið hús í dag frá kl. 16:00 til 18:00. Galtalind 13 - íbúð 402



Til sýnis í dag falleg 4-5 herbergja, samtals 138 fm íbúð, á tveimur hæðum í Lindarhverfinu í Kópavogi. Neðri hæðin skiptist í flisalagða forstofu, parketlagt hol og stofu, flisalagt eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum, ísskápur og uppþvottavél fylgja, tvö parketlögð svefnherb., flisalagt baðherb. og flisalagt þvottahús. Steyptur, parketlagður stigi á milli hæða. Efri hæðin skiptist í opið parketlagt rými, sjónvarpshol og vinnuaðstöðu, svefnherb. og litla geymslu. Íbúðin er mjög miðsvæðis og stutt í margvíslega þjónustu. **Verð 34,9 millj.**

Olga Lís (s: 699-2125) sýnir íbúðina  
í dag á milli kl. 16 og 18.

## Kársnesbraut - atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu.



Til sölu eða leigu samt. 739,2 fm húsnæði sem hentar vel til matvælaframleiðslu. Efri hæðin er 500,8 og er möguleiki að kaupa hana eða leigja sér. Neðri hæðin er 238,4 fm.

Afhending getur verið strax. Allar  
nánari upplýsingar veitir Ásmundur  
Skeggjason hjá Höfða í síma 895 3000.

HÖFÐI

Suðurlandsbraut 20  
Sími 533 6050  
Bæjarhrauni 22  
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali











Sími  
530 6500  
Opíð mán.-fös. frá kl. 9-17  
Finnbogi Hilmarsen,  
Einar Guðmundsson og  
Bogi Pétursson  
löggitur fasteignasala

## VERKTAKAR/BYGGINGARMEISTARAR/EINSTAKLINGAR! FRÁBÆRT TÆKIFÆRI!



Höfum til sölu fjölmargar íbúðir í eigu íslendinga á Spáni þar sem aðilar eru tilbúnir til að skipta á íbúðum á Íslandi. Til greina koma bæði skipti á notuðum og nýjum íbúðum á Íslandi. Í skiptum á Spáni eru í boði eru bæði sérbylí og íbúðir í fjölbýli. Hér gæti verið tækifæri fyrir stór byggingarfélag að eignast góða orlofsíbúð fyrir starfsmenn á Spáni eða möguleiki fyrir fólk sem vill prófa eitthvað nýtt og flytja í sólina og hitann á Spáni.

Allar frekari upplýsingar veita Bogi og Finnbogi á skrifstofu.



Hafnarfirði, Fjarðargötu 17  
Sími 520 2600, Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða www.as.is  
Opíð virka daga kl. 9-18

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

## Opin hús í dag frá kl. 14.00-16.00

### DREKAVELLIR - HAFNARFIRÐI



Glæsilegar 157 fm 4ra herb. raðhúsaíbúðir með opnu bílskýli. Húsin eru á þremur hæðum. Fernar svalir í suður og norður, sér garður. Afhent allveg fullbúið að utan, rúmlega tilb. til innréttinga að innan. **Verð frá 33,0 millj. 7123**

### BYGGAKUR - GARÐABÆ



Glæsileg raðhús í suðurhlíðum Akralands í Garðabæ. Húsin eru fullbúin að utan, lóð tyrfð, hellulögn m/hita og tilbúin til innréttinga að innan. **Verð frá 52,7 millj. 7443**

### NORÐURBAKKI 15 OG 17 HAFNARFIRÐI



Glæsilegar sérlega vandaðar 105 til 130 fm 3ja herbergja íbúðir á 1. til 5 hæð í nýjum LYFTUHÚSUM á NORÐURBAKKANUM, m/STÆÐUM í bílageymslu. **Verð frá 27,4 millj. 7561**

# Arnarneshæð

www.arnarnes.is



## Opið hús í Rúgakri 1 í dag frá kl. 14-15

Ekið inn í hverfið frá Bæjarbraut, af hringtorgi við Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

### 2-3 herbergja íbúðir

- Hjónasvítur með fataherbergi
- 2 herbergi
- Bílageymsla og lyfta
- Afar rúmgóðar geymslur (20 fm)

### Sýningaríbúð

Glæsileg íbúð, fullbúin húsgögnum frá The Pier og gólfefni frá Harðviðarvali.

the PIER

HARÐVIÐARVAL

### Hæðin á Stöð 2

Raðhúsin okkar leika aðalhlutverkið í Hæðinni, sem hefur fengið frábærar viðtökur.



Klettur fasteignasala  
Skeifunni 11  
Sími 534 5400

Sigurður Hjaltsted  
löggitur fasteignasali

**Til sölu jörðin Eyvindarstaðir 450 ha**  
Tilvalið fyrir áhugamenn um hesta,  
rjúpnaveiði, skógrækt og raforkuvinnslu

- Eyvindarstaðir eru í Sölva-  
dal inn af Eyjafirði u.p.b. 30  
km. Frá Akureyri  
-Tún u.p.b. 23 HA slegin eft-  
ir nokkurt hlé í fyrsumar.  
Verða fin í sumar  
-Verið er að vinna í íbúðar-  
húsi og verður það nýmálað  
án gólfefna í lok apríl  
-Ágæt rjúpnaveiði er í land-  
inu  
-Hesthús rúmar í dag 14-16  
hross.

Eyvindarstaðir eru nýverið samþykktir inn í Norðurlandsskóga og hafa  
lauslega verið metnir 130 ha lands til skógræktar

Upplýsingar á skrifstofu Kletts í síma 534-5400  
Einar Viðarsson 697-9262

**HÍBYLI**  
FASTEIGNASALA

SUBURGATA 7, 101 REYKJAVÍK • www.hibyli.is • hibyli@hibyli.is  
SÍMI 585 8800 • FAX 585 8808

**OPIÐ HÚS,  
SUNNUGAGINN 20. APRÍL  
Á ÖLDUSLÓÐ 13, HAFNARFIRÐI  
MILLI KL. 14 OG 15,**

Höfum í sölu mjög góða íb. á tveimur hæðum í tvíb. ásamt bílsk.  
samtals 212 fm. Neðri hæð; gott eldh. með nýlegum innr. úr  
kirsuberjaviði, saml. stofur, svefnh. gestasn. þvottah. vinnuh. Efri  
hæð; fjögur svefnh. hjónah. með skápum, baðh. flisar á gólfum,  
baðk. Gólfefni, parket og flisar. Nýjar innihurðir úr kirsuberjaviði á  
neðri hæð svo og sólbekkir. Raf. endum. nýleg tafla. Mjög góð eign  
sem vert er að skoða. **VERÐ TILBOÐ.**

**TORFI OG MARGRÉT TAKA Á MÓTI GESTUM**  
Ingibjörg Þórðardóttir, löggitur fasteignasali.

**byr**  
fasteignasala

sími 483 5800

Soffía  
Theodórsdóttir  
löggitur fasteignasali

Austurmörk 4, Hveragerði, www.byrfasteign.is

**Fljótsmörk 16**

Erum með í einkasölu  
4ra herb. 194 fm parhús  
tilbúið til innréttingar  
(einnig hægt að fá eign-  
ina fullkláraða). Eignin  
sem er á tveimur hæð-  
um er mjög glæsileg og  
með svölum á þaki bil-  
skúrs. Mjög stutt er í alla þjónustu.

**Fljótsmörk 6-12**

Glæsileg 4ra herbergja  
íbúð á 3ju hæð í fjölbýl-  
ishúsi með lyftu, byg-  
gingarár 2006. Mjög fal-  
legt útsýni er frá suður-  
svölunum. Stutt er í  
skóla og alla þjónustu.  
Verð 23,9 millj.

**Heiðmörk 53**

Höfum í einkasölu 3ja  
herb. einbýlishús með  
um 60 fm rúmlega fok-  
heldum bískúr. Eignin er  
mikið endurnýjuð. Gott  
og vel staðsett hús með  
grónum garði og sér-  
lega fallegu útsýni.  
Verð 23,8 millj.

**Heiðarbrún 55**

150 fm parhús sem  
tengist á bílskúrum.  
Snyrtileg eign sem hefur  
verið mikið endurnýjuð  
og vel við haldið. Garð-  
urinn er gróinn og fal-  
legur og eignin er stað-  
sett innarlega í rólegum  
botnlanga. Rólúvöllur er hinum megin við götuna. Fjöl-  
skylduvænt umhverfi. Verð 26,8 millj.

**HÓLMVAÐ 2-4 - GLÆSIÍBÚÐIR Á TVEIMUR HÆÐUM  
MEÐ FRÍSTANDANDI BÍLSKÚR**

Íbúðirnar eru 4ra herbergja 155 fm í þriggja hæða fjölbýlishúsi með  
lyftu. Allar íbúðir hafa séringang. Bílskúranir eru 25 fm. Húsið er  
tilbúið til afhendingar fullbúið að utan, lóðin verður tyrfð og bílastæðin  
malbikuð. Íbúðirnar verða afhentar fullbúnar með innréttingum og  
skápum í herbergjum frá GKS, en án gólfefna. Baðherbergi verður  
með flísalögðu gólfi og veggj í hurðarhæð. Þvottahús verður með flísalögðu gólfi.  
Eldhústæki verða úr burstuðu stáli frá  
AEG. Baðkar og blöndunartæki frá Tengi. Hurðir frá Agli Árnasyni. Íbúðirnar eru á fyrstu og annari hæð og hafa allar  
sérafnotarétt af lóð og svalir er snúa í suður. **Verð kr. 37.000.000.-**  
**Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning.**

**Tillaga að greiðslum:**

Útborgun	kr.	3.700.000.-
Íbúðalánasjóður	kr.	18.000.000.-
Lán frá seljanda	kr.	15.300.000.-

**Alls kr. 37.000.000.-** **verðtryggt með 6,3% föstum vöxtum til 25 ára**

**BERG**  
FASTEIGNASALA  
Bólholt 4, 105 Reykjavík  
Sími 588 5530 • Netfang: berg@berg.is  
Pétur Pétursson löggr. fasteignasali

**heimili**  
FASTEIGNASALA  
Sími 530 6500  
Gullfjarvegur 13, 101 Reykjavík  
Heimili fasteignasala • Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 530 6500

24

20. apríl 2008 SUNNUGAGUR

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**LAND Í SKAGAFIRÐI  
TIL SÖLU**

Um er að ræða ca. 30 hektara úr landi íbshóla, landið liggur m.a. meðfram (ca  
2,3 k.m) Laxveiðiánni Sæmundará. Veiðiréttur fylgir. Tilvalin eign fyrir m.a.  
hestamenn og fl. Verð 20 millj.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jón sölustjóri í síma 893-2233.

Magnús Emilsson, löggitur fasteignasali

**HÚSAVÍK**  
FASTEIGNASALA

BORGARTÚN 29  
SÍMI 510 3800  
FAX 510 3801  
WWW.HUSAVIK.NET  
REYNIR BJÖRNSSON  
ELÍAS HARALDSSON  
LÖGG. FASTEIGNASALAR

**BORGARTÚN NÝTT - LEIGA**

Til leigu í Borgartúni annars vegar óvenju bjart og  
skemmtilegt 665 fm á jarðhæð með mikilli lofthæð,  
gólfisðum gluggum og góðu aðgengi, og hins vegar  
glæsilega innréttað og vandað ca 350 fm skrifstofu-  
húsnæði á 4. hæð í sama húsnæði. Húsnæðið er  
frábærlega staðsett við sjávarsíðuna við eina af  
mestu umferðaræð höfuðborgarsvæðisins í þessu  
ört vaxandi viðskiptahverfi borgarinnar. Auglýsinga-  
gildi hússins er því mjög sterkt.

Stórkostleg fjalla- og sjávarsýn er úr eigninni.  
Allar nánari upplýsingar veitir Reynir Björnsson  
löggitur fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali  
í síma 510 3800 og 895 8321.

HÚSAVÍK - GOTT ORÐSPOR - TRAUST VIÐSKIPTI

**FASTEIGNA-  
MARKAÐURINN**

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Safamýri 42**

**Glæsileg 2ja herb.íbúð**  
**Opið hús í dag frá kl. 14-15**

Glæsileg 64 fm íbúð á 2. hæð  
þ.m.t. sér geymsla í kjallara.  
Íbúðin er öll endurnýjuð á vand-  
aðan og smekklegan hátt. Opið  
eldhús með hvítum sprautuök-  
uðum innréttingum og nýjum  
tækjum, baðherbergi mósaklagt í gólf og veggj, rúmgott svefn-  
herbergi með góðu skápláss og björt stofa með útgangi á svalir  
til suðvesturs. **Laus strax. Verð 20,9 millj.**  
**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-15**  
**Íbúð merkt 0202.**  
Verið velkomin.

**Strandvegur 9 -Sjálendi Garðabæ**  
**Glæsileg og sérhönnuð íbúð**  
**með óhindruðu útsýni**  
**Opið hús í dag frá kl. 16-17**

Glæsileg 114 fm 4ra herb. íbúð  
á jarðhæð með stórr verönd  
með skjólveggjum í vel stað-  
settu lyftuhúsi við Arnarnesvog-  
inn. Sér geymsla er á hæðinni  
og sér staði í lokaðri bíla-  
geymslu. Íbúðin er öll sérhönnuð af Guðbjörgu Magnúsdóttur arki-  
tekt og er afar vönduð á allan hátt. Glæsilegt eldhús með eyju og  
hvítum innréttingum, rúmgott sjónvarpshol, 3 rúmgóð herbergi, öll  
með skápum og vel innréttað baðherbergi.Náttúruflisar og parket á  
gólfum. Óhindrað útsýni er að Alftanesi, út á voginn og til norðaust-  
urs. **Verð 40,9 millj.**  
**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 16-17**  
**Íbúð merkt 0101**  
Verið velkomið.





# NÝJA ÓPERAN í Víkinni vígð

Glæsilegt óperuhús var vígt fyrir tíu dögum í Osló. Þar verður til húsa Norska óperan, Þjóðarballettinn og verður húsið einnig notað til tónleikahalds.

**N**ýja Óperuhúsið í Víkinni, eins og Osló hét til forna, var vígt þann 11. apríl við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni virðulegra gesta. Haraldur konungur hélt hátíðartölu af svölum stóra salarins í húsinu og við hlið hans sátu Sonja drottning, Margrét Þórhildur Danadrottning, Ólafur Ragnar, frú Dorrit og Angela Merkel, kanslari Þýskalands.

Það er hin þekktá norska arkitektastofa Snjóhettan sem hannaði húsið og bar hún sigurorð af fjölda alþjóðlegra arkitektastofa í samkeppni árið 2000. Byggingin er 38.500 fermetrar og eru um hundrað vistarverur í húsinu. Aðalsalurinn tekur 1370 gesti í sæti. Þá er í húsinu annar salur sem tekur 400 gesti í sæti. Mun húsið vera stærsta mannvirki sem rís til samkomuhalds í Noregi í 700 ár frá því dómkirkjan var reist í Niðarósi um 1300. Húsið er allt klætt að utan með hvítum marmara. Stór ljósakróna úr 17 þúsund glerstykkjum skreytir fordyri hússins og hangir 16 metra yfir gólfi. Er byggingin öll hin glæsilegasta og þyrptust þúsundir gesta í húsið um síðustu helgi til að skoða það, sem kom nokkuð á óvart en um það hefur staðið nokkur stýrr, mest vegna kostnaðar við bygginguna sem mun vera um 40 milljarðar. Það hefur fullkomna aðstöðu til flutnings á óperum, söngleikjum og listdansi en mun jafnframt standa fyrir tónleikahaldi af ýmsu tagi.

Efnisskrá hins nýja húss fyrstu vikurnar er meðal annars helguð tveim dagskrám með úrvali úr óperuverkum frá liðnum fjórum öldum. Það eru norskir söngvarar sem koma þar fram. Þá er fyrirhuguð sviðsetning í lok maí á óperu Monteverdis, Orfeus, í nýrri sviðsetningu sem unnin er í samstarfi við Opera North á Englandi og Glimmerglass-óperuna í Bandaríkjunum. En húsið er einnig ætlað undir starfsemi Norska ballettsins: Þar eru fram undan frumsýningar á fimm balletta dagskrá, en Jiri Kylián og Karina Guizzo eru listrænir stjórnendur. Minni salurinn verður vígður í lok þessarar viku með nýjum heilskvöldsballett eftir Ingun Bjørnsgaard við nýja tónlist eftir Rolf Wallin og Henrik Hellstenius.

Verkefnaskrá haustsins er glæsileg: Berlínarfílharmónían er væntanleg undir stjórn Simons Rattle, Daniel Barenboim mun koma þar fram, óperan Porgy og Bess verður þar á fjölnum í sumar, Bryn Terfel er bókaður og stórar sviðsetningar á Hnotubrjótnum og Ledurblokkunni. Dagskráin er bókuð dag hvern á báðum sviðum áfram í tímann og er aðgengileg á vef hússins: www.operan.no.



Hið nýja óperuhús í Osló. Það er hent gaman að því í Noregi að þetta sé eina óperuhúsið í heiminum sem gestir ganga ofan á, en það stendur við sjó og verður því eitt þeirra húsa heimsins sem verða nátengd vatni, rétt eins og óperuhúsið í Sydney og tónlistarhúsið í Reykjavík.

MYND/NORSKA ÓPERAN / JARO HOLLAN

## Konunglega í Höfn

Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn hefur tilkynnt verkefnaskrá sína fyrir komandi starfsár. Leikhúsið hefur á síðustu misserum bætt við sig tveimur nýjum stórhúsum: Óperunni og nýju leikhúsi en innan veggja þess eru bæði leiksýningar, starfsemi Konunglega ballettsins og óperuflokkur. Er það stærsta leikhústofnun á Norðurlöndum. Nýju húsin hafa aukið mjög kröfur til stjórnar hússins en torvelt er talið að ná áhorfendum á þann fjölda verkefna sem þar verða í boði.

Yfirmaður leiklistar í húsinu, Emmet Feigenberger, er nýkominn til starfa og leitar víða fanga í verkefnaskrá fyrsta starfsárs síns. Fyrsta verkefni leikársins er sumarrevía, en revíur eru fastur hluti af dönsku leikhúslífi yfir sumar mánuðina. Er frumsýning fyrirhuguð á Stóru senunni þann 11. júní, en önnur ný verkefni taka að líta dagsins ljós frá og með haustinu. Sænska leikkonan Gunnell Lindblom setur upp Páska eftir Strindberg í lok ágúst. Nýtt verk eftir Line Knutzon, Handverksmenn, um erlenda farandverkamenn, verður frumsýnt í september, en Gítarleikarar hennar eru nú á litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Það er sérpantað fyrir húsið. Musical er líka nýtt verk eftir Line Mörkby og verður frumsýnt í lok september. Nýtt verk eftir Jokum Rohde, eitt fremsta leikskáld Dana, er á fjölnum í október.



Ein virtasta leikkona dana, Ghita Nørby, fær sviðsetningu fyrir sig á nýrri verkefnaskrá Konunglega danska leikhússins á næsta starfsári.

Erlend verk eru ekki mörg á verkefnaskránni; Ifigenia eftir Evripídes og Lukkuriddarinn eða Playboy of the western world eftir J.M. Synge eru á dagskránni. Þá mun Frank Kastorf hinn þýski koma og setja upp sýningu eftir meistarverki Hermans Bang, Stuk. Verk helgað Ghitu Nørby er á skránni síðar á árinu, einnig heimildaverk um bókastuldinn úr Konunglegu bókhöndunni sem frægur varð fyrir fáum árum. Nokkrir gestaleikir eru ákveðnir: Munchner Kammerspiele kemur í heimsókn með Óþelló og Deutsches Teater Berlin flytur Faust í október.

Danskir fjölmiðlar eru spenntir yfir nýju verkefnaskránni.

Óperustjórnin á Konunglega hefur líka birt verkefnaskrá næsta árs. Frá síðasta ári verða teknar

upp sýningar á Don Carlos og La Traviata eftir Verdi, ópera Joachims Holbek eftir sögu Astrid Lindgren, Bræðurnir Ljónshjarta, Káta ekkjan eftir Lehar og Brúðkaup Figarós eftir Mozart.

Nýjar sviðsetningar verða á sviði frá haustinu: Rósariddarinn eftir Strauss, Pertenope eftir Händel, Wozzeck eftir Alban Berg, Nauðgun Lukretiu eftir Britten, Tristan og Isolde Wagners og Tyrkinn á Ítalíu eftir Rossini. Tíðindi eru af nýrri óperu eftir óperustjórnann, Bo Holten, sem samín er eftir sögu P.O. Enquist, Heimsókn líflæknisins, um valdatíma Struensee í Kaupmannahöfn sem endaði illa. Er það í annað sinn sem þeir sögulegu atburðir verða efni í óperu, en eins og kunnugt er samdi Verdi Ballo in Mascara eftir þeim grimmilegu atburðum, þótt þeir væru færðir til í tíma og stað til að fela efnið sem var enn feimnismál meðal aðals Evrópu þótt liðin væru 150 ár frá valdatíma Struensee.

Eins og í leiklistarpartinum af rekstri hins Konunglega er talsvert um gestaleiki á óperusviðunum: Jóska óperan sýnir Töfraflautuna og Ástardrykkinn, Staatsoper Berlin kemur með Phaedu eftir Henze með leikmynd Ólafs Elíassonar, Óperan í Malmö sýnir í Höfn óperuna Dead Man Walking eftir Jake Heggie en óperuverk byggð á kvikmyndum eru farin að verða nokkuð tíð á verkefnaskrá óperuhúsa heimsins.





## Stafræn píaná

Hamraverk með alvöru áslætti  
8 hljóðfæri · Tengir fyrir 2 heyrnartól  
Fullkomið hátalarakerfi  
Nótnaborð í fullri stærð  
Frábært fyrir byrjendur og lengra komna

**Tilboðsverð**  
frá kr. 79.000,-

*Hljóðfæraværslun*  
**Pálmars Árna ehf.**



Rangárseli 6 · 109 Rvk. við Seljakirkju · Símar 553-2845 · 663 2845 · hl.palmars@internet.is · www.leit.is/piano

# SÝNINGIN ÞÍN ER Í BORGARLEIKHÚSINU

PANTAÐU  
MIÐA  
NUNA!

## HLÝLEGUR GAMANLEIKUR

### GÍTARLEIKARARNIR

Eftir Line Knutzon

„Það var gaman  
að sjá þennan  
leikarahóp að  
störfum ...“

Páll Baldvin Baldvinsson  
Fréttablaðið

„Leikararnir fjórir  
eru hverjir öðrum  
betri ...“

Arndís Þórarinsdóttir  
24 stundir



## VINSÆLASTA ROKKÓPERAN

### JESUS CHRIST SUPERSTAR

Eftir Tim Rice og Andrew Lloyd Webber

„tónlistin var  
rafmögnuð“

María Kristjánsdóttir  
Morgunblaðið

„tónlistin er og  
verður frábær“

Elísabet Brekkan  
Fréttablaðið

ATHUGIÐ  
ALLRA  
SÍÐUSTU  
SÝNINGAR



## BRÁÐFYNDIÐ OG EINLÆGT

### HETJUR

Eftir Gerald Sibleyras

„Ljúf var þessi  
kvöldstund.“

María Kristjánsdóttir  
Morgunblaðið

„Bráðfyndið og  
einlægt verk sem  
er fantavel leikið.“

Arndís Þórarinsdóttir  
24 stundir



# AÐ BREYTA heiminum

Á heimildamyndahátíðinni í Thessaloníki í Grikklandi voru um 100 nýjar heimildamyndir sýndar, sem allar gefa fyrirheit. Dimitri Eipides, stjórnandi hátíðarinnar og dagskrárstjóri Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, er í viðtali.

KVIKMYNDIR HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR

**D**imitri Eipides hefur unnið við stórar kvikmyndahátíðir í áratugi, svo sem Montreal og Toronto, og er kunnur sem dagskrárstjóri Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. „Ég trúir því að það sé hægt að breyta þessum heimi til batnaðar. Ég geri það ekki sjálfur en myndirnar sem ég sýni á hátíðinni geta gert það og ég vil aðstoða við að koma þeim á framfæri. Ég veit að það er útópísk sýn en ég trúir því að það sé hægt að hafa jákvæð áhrif á fólk, og sérstaklega ungt fólk. Ég held að fólk sé illa upplýst í heiminum. Við treystum á fjölmiðla til að sjá okkur fyrir upplýsingum og þeir gefa oft skakka mynd, það sem við vitum um heiminn er það sem Reuters- og AP-fréttastofurnar segja okkur. Mér finnast heimildamyndir mikilvæg rödd vegna þess að þær veita okkur upplýsingar eftir óháðum leiðum og óhefðbundnum leiðum. Fólk sem fer út með

litlar stafrænar myndavélar og tekur upp mynd í sínu nánasta umhverfi hefur eitthvað fram að færa fyrir áhorfendur. Við lifum í heimi sem er þjakaður af vandamálum hvert sem við lítum, jörðin og andrúmsloftið er í vafasömu ástandi og vatnsmengun er mikil. Svo eru málefni eins og mannréttindi, stríð, sjúkdómar á borð við alnæmi, innflytjendur, fátækt, heimilisleysi og svo mætti lengi telja. Það eru svo mörg málefni sem við viljum helst ekki hugsa um vegna þess að við viljum bara okkar þægindi og sjáum heiminn í rósröðu skýi. Ég vil að fólk sé upplýst og meðvitað og myndi sér skoðanir, og þá sérstaklega ungt fólk,“ segir Dimitri.

#### Ekki lengur fordómar

Heimildamyndagerð er gamalt listform og varð til á undan leiknum kvikmyndum. Á tímabili voru einu heimildamyndirnar sem voru framleiddar fuglamyndir eða aðrar dýralífsmyndir. Þær höfðu kennsluvægi en voru ekki teknar



Be Like Others eftir Tanaz Eshaghian (Kanada/Iran): Ungir íranskir strákar ganga í gegnum kynskiptiáðgerðir.



Það eru svo mörg málefni sem við viljum helst ekki hugsa um

alvarlega. Núna eru ekki lengur fordómar gagnvart heimildamyndum. Enda fjalla þær um allt milli himins og jarðar og eru jafn dramatískar og átakanlegar og leiknar myndir.

„Gott dæmi um að heimildamyndir séu komnar á hærri stall er að við sjáum þær taka þátt í mjög „mainstream“ kvikmyndahátíðum eins og Cannes, og þar taka þær meira að segja þátt í keppnisflokkum, sem hefði verið gjör-samlega óhugsandi fyrir nokkrum árum. Í Berlín er heimildamyndum og bíómyndum stillt upp samhliða. Þetta er merki um að heimildamyndir eru orðnar hluti af daglegu lífi,“ útskýrir Dimitri.

#### Raunveruleikinn áhrifamestur

Margar heimildamyndir í dag segja einfaldar sögur og fylgjast með fólki í návígi. „Það er okkar samannlega reynsla sem tengir okkur saman. Því fleiri heimildamyndir sem ég sé því sannfærðari er ég að við séum öll eins. Þrátt fyrir ólíkan litarhátt, kynþátt, þjóðerni, trú, sögulegan bakgrunn, tungumál og svo framvegis þá erum við

öll eins undir niðri. Ég get til dæmis horft á mynd frá Kína og upplifað hana eins og mitt eigið umhverfi, tengt við manneskjurnar eins og þær væru vinir mínir og gert mér grein fyrir vandamálum þeirra þótt þau séu ekki þau sömu og mín.“

#### Heimildamyndir æ vinsælli

Áhorfendur er miklu opnari en áður og taka virkari þátt í umræðum og mynda sér skoðanir: „Það er alls staðar aukinn áhugi fyrir heimildamyndum. Ég er mjög ánægður með það og tel að fólk í þessum heimi verði upplýstara fyrir vikið. Heimurinn er stanslaust að minnka með aukinni tækni, samskipta-leiðum og ferðamöguleikum. Við þurfum frið á þessari jörð og við þurfum að bera meiri virðingu fyrir umhverfinu. Við mengum allt, matinn, vatnið, og loftið. Við eyðileggjum náttúruna og eyðileggjum líf. Það er oft eins og fólk tapi glórunni þegar kemur að peningum og völdum. Ég er aðgerðasinni í eðli mínu og vil láta gott af mér leiða. Ég gæti setið heima og ráðið krossgátur en það er ekki tilgangur lífsins.“

## THE ENGLISH PUB

Austurstræti








## Öl er menning

VÍS styður íslenskt  
menningarlíf





# Þjóðarsálin TVÍTUG

Að vera poppari á Íslandi er í langflestum tilfellum mjög vanþakklátt starf og jafn víðsfjarri bíómynda-glamúr og hugsast getur. Ferill Sálarrinnar hans Jóns míns kom út fyrir nokkru í tveimur kössum.

TÓNLIST  
KJARTAN  
GUÐMUNDSSON

Flestir íslenskir popparar harka í þeirri veiku von að selja nægilega mörg eintök af afurð sinni til að ná upp í kostnaðinn og vart getur talist spennandi að leika frumsamin lög sín frammi fyrir sauð-druknum áhorfendum sem þrá fátt heitar en að heyra gömlu smellina sem þeir þekkja út og inn, aftur og aftur, í árána rás. Smæð samfélagsins gegnir einnig sínu hlutverki í þessu sambandi því sjálfskipaðir tónlistargagnrýnendur götunnar eiga afar greiða leið að íslenskum poppurum og nýta hvert tækifæri til að tjá þeim persónulegt álit sitt á verkum þeirra, og gildir þá einu hvort um uppbyggilega gagnrýni er að ræða eður ei.

Ófgafullt dæmi um það ónæði sem popparar landsins verða reglulega fyrir átti sér stað á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum sumarið 1992. Sálin hans Jóns míns var þá, eins og nú, ein allra vinsælasta hljómsveit landsins og fór geyst á sviðinu við mikinn fögnuð viðstaddra. Flestra þeirra, það er að segja, því í miðju lagi urðu áhorfendur varir við óprúttinn aðili hafði lagt á sig að þrila upp á þakið á sviðinu. Áður en nokkur fékk að gert leysti ungi maðurinn niður um sig og hóf að spræna á forsöngvara Sálarrinnar, Stefán Hilmarsson. Öllum brá, einhverjir hlógu, en flestir hneyksluðust. Sjálfur tók Stefán atvikinu af stóískri ró, þótt nokkurra sárinda

gætti í orðum hans til áhorfenda eftir að afbrot-aunglingurinn hafði verið dreginn inn í lögreglubíl: „Það er ekki þakklætinu fyrir að fara hér í Eyjum. Maður kemur hingað til að spila og það er bara pissað á mann!“

Sálin hans Jóns míns heldur upp á tvítugsafmæli sitt á þessu ári, og sé ofantalið haft í huga verður það að teljast afrek eitt og sér. En Sálin getur hreykt sér af mörgu fleiru en að hafa þraukað í gegnum hinn séríslenska tónlistarbransa í öll þessi ár. Þrátt fyrir að sveitin hafi notið stjarnfræðilegra vinsælda á íslenskan mælikvarða hefur hún ávallt gætt þess að halda vöku sinni og endurnýja sig reglulega. Þótt ofrausn sé að kalla þá endurnýjun tilraunastarfsemi hefur Sálinni engu að síður tekist afar vel að sameina vinsældir og metnað, og úr þessari blöndu hafa sprottið margar helstu perlur íslenskrar dægurlagasögu.

Þessa verður áþreifanlega vart þegar hlýtt er á Vatnaskil 1988-2008. Þar er um að ræða hvorki meira né minna en allar breiðskífur Sálarrinnar í tveimur glæsilegum öskjum þar sem umgjörð er öll til fyrimyndar og segja má að nýtt viðmið hafi verið sett í slíkri útgáfu hér á landi. Þó er það svo að innihaldið telur meira en útlitið, og þar er um óvenju auðugan garð að gresja.

Sálin hans Jóns míns hefur hljóðritað fleiri lög sem maður þekkir en mann hefði órað fyrir. Nostalgían skellur á manni eins og köld vatnsgusa við hlustun á hverja skífuna á fætur annarri, textarnir láta óhemjukunnuglega í eyrum og pottþéttar melódíurnar sækja á mann jafnt í draumi sem vöku. Ekki er allt gott, og sumt beinlínis slæmt, eins og eðlilegt er þegar um svo langan feril er að ræða, en standardinn er að jafnaði hár. Þar skipta ekki minnstu máli sterk höfundareinkenni Guðmundar Jónssonar gítarleikara og aðallagahöfundar og einstök söngródd Stefáns.

Röddin hans Stefáns gegnir lykilhlutverki í tónlist Sálarrinnar og hefur oftast en ekki ráðið úrslitum um hvort fólk þyki sveitin sér samboðin eður ei. Minnisstæður er þáttur í íslenska ædolinu fyrir nokkrum árum þar sem kvöldið var helgað tónlist Sálarrinnar og Stefán Hilmarsson sat í gestadómarsæti. Líklegt er að það kvöld hafi augu margra opnast varðandi sérstöðu Stefáns sem

söngvara. Þar varð þjóðin vitni að ungum söngvurum sem áður höfðu leikið sér að lagasmíðum Lennons, McCartneys, Þórðarsonar og allra hinna nánast kafna af áreynslu við að reyna að ná öllum nótonum sem Stefán nær að því er virðist áreynslulaust á hverju kvöldi. Rödd Stefáns hefur líka mikinn og sterkan karakter, og eins og gengur um slíkar raddir hugnast hún alls ekki öllum.

Að mati undirritaðs hefur raddbeiting Stefáns breyst til batnaðar á síðustu árum. Fyrstu ár sveitarinnar þróaði hann með sér ákveðinn söngstíl sem minnti óþægilega mikið á breim í ketti þegar verst lét, en röddin hefur þróast og geislar nú af fagmennsku þess sem hefur marga fjöruna sopið og veit upp á hárl til hvers af honum er ætlast.

Slíkt hið sama má segja um tónlist sveitarinnar yfir höfuð. Sálin hefur gengið í gegnum mörg ólík skeið, allt frá heldur innantómu hermisálarpoppi (Syngjandi sveittir frá 1988) til popprokks (Þessi þungu högg frá 1993) og síðasta áratuginn eða svo hafa fagaðar dægurflugur ráðið ríkjum í herbúðum sveitarinnar.

Það virðist ekki skipta nokkru einasta máli í hvaða mynd Sálin hans Jóns míns birtist á hverjum tíma því aðdáendur sveitarinnar eru venju fremur ræktarsamir. Þeir mæta unnvörpum á tónleika, skila skífum sveitarinnar í efstu sæti vinsældalista og stofna sérstaka aðdáendaklúbba sveitinni til heiðurs. Sálin er fyrir löngu orðin stofnun í íslensku samfélagi og stendur sig vel sem slík.

Vatnaskil 1988-2008 er einungis nýjasta dæmið um virðingu hljómsveitarmeðlima fyrir aðdáendum sínum og slíkri staðfestu ber að fagna með skrudgöngum á götum úti. Sálin er fráleitt frumlegasta sveit sögunnar en hún er samkvæm sjálfri sér og að manni læðist sá grunur að tíminn muni fara um hana silkihönskum. Eflaust er lítið mál að finna þann einstakling sem opinberlega leggur fæð á Sálina hans Jóns míns. Sá einstaklingur sem ekki kann að meta í það minnsta eitt lag Sálarrinnar, þó í laumi sé, gæti hins vegar verið vandfundinn.

## LISTMUNAUPPBOÐ Á HILTON - NORDICA HÓTELI SUNNUDAGINN 20. APRÍL KL. 20:30 VERKIN ERU SÝND Í GALLERÍ BORG, SKIPHOLTÍ 35 laugard. og sunnudaginn 20. apríl Kl. 13 til 17 báða dagana



ÁSGRÍMUR J.



KJARVAL



MUGGUR



KRISTJÁN DAVÍÐSSON



JÓN STEFÁNSSON



LOUISA MATTHÍASDÓTTIR

Gallerí  
**BORG**

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur  
Skipholtí 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40



Mannaveiðar: Ólafur Darri, óþekktur aukaleikari, Atli Rafn og Gísli Örn í hlutverkum sínum á morðvettvangi.

MYND/REYKJAVÍK FILMS

## Og að síðustu er drepinn...

### MANNAVEIÐAR

Leikstjóri og framleiðandi:

Björn Brynjólfur Björnsson

Handrit: Sveinbjörn I. Baldvinsson

Reykjavík Films 2008

★★

Um síðustu helgi lauk Mannaveiðum, fjögurra þátta spennuröð Björns Brynjólfs Björnssonar eftir sögu Viktors Arnars Ingólfssonar. Ekki fer hátt um tölur uppsafnaðs áhorfs á lokabáttinn sem er endursýndur í dag, en gera má því skóna að vel yfir hundrað þúsund áhorfendur hafi setið og horft á síðasta þáttinn þegar upp er staðið. Það sannast sem áhugamenn um innlent leikið sjónvarpsfni höfðu vissu um að ekkert annað leikið efni gæti náð jafnmikilli athygli áhorfenda og krimminn. Með öruggari mælingum á áhorfi eru komnar styrkar stöðir undir framleiðslu á innlendu leiknu sjónvarpsfni, fjórum áratugum eftir að sjónvarpsútsendingar hófust á vegum ríkisins, rúnum tveimur áratugum eftir að sjónvarpsrekstur var gefinn frjáls. Nú er ekki aftur snúið.

Rétt er að minna á hvernig hlustun var háttáð á leikið efni í útvarpi fyrir daga sjónvarpsins: þorri þjóðarinnar sat þá fastur við útvarps-tækin og fylgdist með þýddum krimmum um hetjur á borð við Paul Temple, Hulin augu, og spaug á borð við Dickie Dick Dickens, svo ekki sé minnst á alvarlegri verkefni leiklistardeildar Ríkisútvarpsins. Leikið efni hélt áfram að

vera ein af stöðum Ríkisútvarpsins þótt sjónvarpið tæki stóran skerf af skemmtun á ljósvakanum. Enn megnar Útvarpsleikhúsið að draga til sín athygli þúsunda, slær út margar íslenskar kvikmyndir og lungann af leiksýningum sem kosta miklu, miklu meira. Og samt nýtur Útvarpsleikhúsið hvergi veldis sinnar yngri systur, Ríkissjónvarpsins, við kynningu.

Mannaveiðar reyndust þegar upp var stað gallað verk. Alvarleiki glæpanna sem framdir voru dvínandi, rétt eins og handritshöfundur og leikstjóri, jafnvel leikarar, misstu trú á söguþræðinum: önnur aðalhetjan fór að draga sig eftir kvenpersónu sem var hluti af sögu sem drapst á snemma í verkinu, önnur grein fléttunnar um tengdason sem gerist kópústi og stútar tengdababba í stundarbræði varð eiginlega að engu, þrátt fyrir að Atli Rafn sýndi efnileg drög að persónu, honum voru ekki gefin mörg tækifærin, aldrei nýtti leikstjórinn sér heimsóknir lögreglunnar á Ásvallagötuna til að draga upp skarpa mynd af heimilisaðstæðum hjá þeim hjónum.

Sakamálaverk sem þessi byggjast á samtalahrinum, löggja ræðir við málsaðila, löggur tala saman, hrinan leiðir menn um samfélagið á vit ólíkra aðstæðna, margbreytilegs fólks. Ef litið er á staðalgerðir í þáttum af þessu tagi þá eru þær ekki margar: meinafræðingurinn, yfirmaðurinn, félagarnir sem vinna rannsóknina, trausta stöðin á stöðinni og sú veika, sem Björn Thors gerði sér mat úr. Og svo falið svelt málsaðila. Grunnurinn fyrir áhugaverðum persónum þarf að vera með þrjár stöðir, skýra per-

sónu, geðfellda eða ógeðfellda, málsmið sem er sérstakt og aðstæður: herbergi, hús, eitthvað í umhverfi sem varpar skýru ljósi á einstaklinginn sem er viðfangið í senunni. Leikarar verða að hafa kjöt á beinum og svið sem hjálpar til.

Þegar við sitjum eftir með vonbrigði er fyrst að kenna sögunni um, þeim samtölum og aðstæðum sem liggja til grundvallar, síðan úrvinnslu handritshöfundar og loks tókum leikstjórans.

Flest lofaði góðu um sjálfa söguna. Stóra nýnæmið var löggan sem Gísli Örn lék sem var af asisku bergi sem var strax þurrkað út í handriti og veikti grunninn. Þá var eftir á að hyggja býsna fátt í handritsvinnslu með persónur sem losnaði frá kunnuglegustu klisjum. Svo verð ég að segja að mér sýnist á leiknum verkefnum sem leikstjórinn hefur komið nálægt að persónuleikstjórinn sé ekki hans styrkur.

Verkið varð því á endanum undir meðallagi. Sá hópur leikara sem kom þar fram vann nær allur innan kunnuglegra marka og bætti nánast engu við veika persónusköpun handritsins. Það var miður unnið úr senum í sviðsetningu og dugar hin áhrifalitla lokasena á Þingvöllum ein sem dæmi um slaka sviðsetningu.

En er það ekki bara ágætt að við byrjum undir getu? Leikið efni í sjónvarpi getur héðan af aldrei annað en batnað og vísast rennur sá dagur að við náum tókum á þessari frásagnaraðferð. Mættu menn þá líta til þess að æfingavöllurinn er í Efstaleitinu. Hafi menn áhuga á að ná tókum á sakamálaséríunni er gott að byrja þar: í Útvarpsleikhúsinu. **Páll Baldvin Baldvinsson**

# 15. MAÍ - 5. JÚNÍ

## LISTAHÁTÍÐ

### Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL



### Stórmeistari djassins!



### WAYNE SHORTER KVARTETTINN

Wayne Shorter (saxófónn) ásamt Danilo Perez (píanó), John Patitucci (bassi) og Brian Blade (trommur).

HÁSKÓLABÍÓ 24. MAÍ | MIÐAVERÐ: 6.200 / 5.700

„...EINN FRÆGASTI GESTURINN SEM HINGAÐ HEFUR KOMIÐ ÚR DJASSHEIMINUM.“ - LANA KOLBRÚN EDDUDÓTTIR, RÁS 1



### Ein skærasta stjarna söngheimsins!

### EINSÖNGSTÓNLEIKAR

### DENYCE GRAVES MESSÓSÓPRAN

HÁSKÓLABÍÓ 1. JÚNÍ | MIÐAVERÐ: 6.800 / 6.200

„HÚN ER NÆSTUM OF GÓÐ TIL AÐ ÞAÐ GETI VERIÐ SATT; EINSTAKUR LISTAMAÐUR, FÖGUR KONA, KONUNGLEG FRAMKOMA.“ - WASHINGTON POST



Glæsilegur 68 bls. dagskrárþæklingur er kominn út. Fáðu þér ókeypis eintak í verslunum Hagkaupa.

### Miðasala á listahatid.is & midi.is

Á vef Listahátíðar færðu nánari upplýsingar um alla viðburði, þar með talið þær fjölmörgu myndlistarsýningar sem opnaðar verða á hátíðinni 15.-18. maí. Miðasala fer einnig fram í síma 552 8588 alla virka daga frá kl. 10-14.

Bakgrunnsmýnd: Roger Hiorns / Object - a manipulated growth. © 2007 Serpentine Gallery. Ljósmynd: Alastair Fyfe.

### Hringdu í síma

# 512

# 50

# 60

ef blaðið berst ekki



23.2.-25.5.2008



Einar Falur Ingólfsson

### STAÐIR / PLACES

ÚR DAGBÓK / FROM A VISUAL DIARY 1988-2008



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR  
Reykjavík Museum of Photography



Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is  
Opíð mánudaga til föstudaga frá 12-19 · helgar frá 13-17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

KAUPPING

ICELANDAIR

SAMSKIP

RADISSON

apríl 2008

**menning**  
[ SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

... AÐ TJALDABAKI

**Rumon Gamba**, stjórnandi Sinfóníunnar, stendur í stórræðum: Hann stjórnar hljómsveit í gryfju Ensku Þjóðaróperunnar í London í sumar þegar ENO setur á svið söngleikinn *Candide* eftir Leonard Bernstein. Er þetta stærsta verkefni ENO til þessa, stærsti sönghópur sem þar hefur stigið á svið (hundrað manns) og mestur fjöldi búninga. Sviðsetningin er unnin í samstarfi við La Scala í Milánó og Chatelet í París, Verkið er talið eitt af meistaraverkum Bernsteins sem er kunnastur af *West Side Story*.



**Borgarleikhúsið** er að skoða sviðsetningu á *Vesalingunum* sem Þjóðleikhúsið setti upp á sínum tíma. Kemur verkið til álitna á leikárinu 2009-10. Jólásýningar stóru húsanna munu nú ráðnar: Kjartan Ragnarsson setur upp Þá gömlu sem kemur í heimsókn eftir Dürrenmatt og Hilmar

Jónsson vinnur leikgerð eftir sögu Jóns Kalmans, Sumarljós og svo kemur nóttin, í Þjóðleikhúsinu.

**Æfingar hefjast um** mánaðamótin í Íslensku óperunni á Janis 27, eftir Ólaf Hauk Símonarson, um ævi söngkonunnar Janis Joplin, sem lést 27 ára af stórum skammti fíkniefna. Tvær leik- og söngkonur fara með hlutverk Janisar, Bryndís Ásmundsdóttir og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir. Leikstjóri er Sigurður Sigurjónsson og tónlistarstjóri Jón Ólafsson. Leikmynd gerir Finnur Arnar Arnarsson og búninga Þórunn Elísabet Sveinsdóttir. Frumsýning er um miðjan ágúst í Íslensku óperunni.



**Þriðjudaginn 29. apríl kl. 20**



ÍSLENSKA ÓPERAN

Old Man River  
Down by the Riverside  
Joe Hill  
I Got Plenty o' Nothing  
Mood Indigo

auk fjölda annara laga

**Neal Thornton, píanó**  
**Richard Bolton, gítar**

Einstakt tækifæri!  
Miðasala á [www.opera.is](http://www.opera.is)

Hinn heimspekkti barítónsöngvari

**WILLARD WHITE**

Tónleikar tileinkaðir söngvaranum og baráttumanninum Paul Robeson



**SÓLON**

kaffi & bistro

Kaffi - Kökur - Pasta - Salöt - Fiskur  
Heilsumatseðill - Smáréttir - Veislur  
Listisýningar - Lifandi músik



[www.solon.is](http://www.solon.is)



# OPIÐ HÚS KL. 14-15 REYKJAVÍKURVEGUR 52A OG B - HF

- ✓ Íbúðir eru til afhendingar strax
- ✓ Viðhaldslítið hús
- ✓ Rúmgóðar íbúðir
- ✓ Tvennar svalir með völdum íbúðum
- ✓ Mynddyrasími
- ✓ Snjóbræðslukerfi í göngustíg og aðkomu að bílskýli
- ✓ Allar íbúðir með sérinngangi á svölum
- ✓ Nútímalegar innréttingar frá Fagus með granítborðplötum
- ✓ Íbúðir eru afhendar fullbúnar með vönduðu 2ja stafa Káhrs parketi
- ✓ 28 stæði í bílgeymslu
- ✓ Verð frá 28,5 millj.

## ÍBÚÐIR FYRIR 50 ÁRA OG ELDRI



## FULLBÚNAR SÝNINGARÍBÚÐIR



## HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

